

## Fjórar nýjar ríkisstofnanir áformaðar

Ríkisstjórnin áformar að sameina og breyta ríkisstofnunum ásamt því að setja á laggirnar nýjan dómstól sem og Þjóðarsjóð. Alls verða til fjórar nýjar ríkisstofnanir. Formaður Viðreisnar telur áformin ekki verða til að auka skilvirkni í kerfinu.

**STJÓRN MÁL** Fjórar nýjar ríkisstofnanir verða til á næstunni nái áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er ætlað að leysa af hólmi bæði Íbúðalánasjóð og Mannvirkjastofnun og verður hinni nýju stofnun ætlað að „annast framkvæmd húsnæðis- og byggingarmála hér á landi og framfylgja þeirri stefnu stjórnvalda að almenningur hafi aðgengi að viðunandi og öruggu húsnæði á viðráðanlegu verði í samræmi við þarfir hvers og eins, óháð efnahag og búsetu, sem er vistvænt, heilsusamlegt og uppfyllir nútímakröfur og hafi þannig raunverulegt val um búsetuform“, að því er fram kemur í þingmálaskrá félags- og húsnæðismálaráðherra.

Frumvarp fjármálaráðherra um nýja Nýsköpunar- og umbótastofnun verður lagt fram í næsta mánuði. Gert er ráð fyrir að Ríkiskaup verði grunnur að nýrri stofnun á þessu sviði sem heildstæð nýsköpunar- og umbótastofnun á vegum ríkisins.

Á vörþingi hyggst umhverfisráðherra setja á fót Þjóðgarðsstofnun sem ætlað er að taka við verkefnum Vatnajökulspjóðgarðs, Þjóðgarðsins á Þingvöllum og verkefnum á sviði náttúruverndar á vegum Umhverfisstofnunar.

Þá hyggst nýr dómsmálaráðherra leggja frumvarp um enduruppþöku dóm fram að nýju en frumvarp um sérstakan dómstól um enduruppþöku mála var fyrst lagt fram í tíð Sigríðar Á. Andersen.

Í frumvarpinu er lagt til að enduruppþökunefnd verði lögð niður og settur verði á fót sérdómstóll sem skeri úr um hvort heimila skuli enduruppþöku mála sem dæmd hafa verið í héraði, Landsrétti eða

**Ríkisstjórnin er ekki að spá í neitt annað en að halda sér saman, á meðan þenst ríkisbákníð út.**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar




Hæstarétti. Samkvæmt frumvarpinu á hinn nýi dómstóll að hafa aðsetur hjá Dómstólasýslunni.

Á næstu dögum verður lagt fram að nýju frumvarp fjármálaráðherra um Þjóðarsjóð. Sjóðnum verður ætlað að gegna því meginhlutverki að verða eins konar áfallavörn fyrir þjóðina þegar ríkissjóður verður fyrir fjárhagslegri ágjöf í tengslum við meiri háttar ófyrirséð aföll á þjóðarhag. Ekki er ljóst af frumvarpinu hvort og hve mikil yfirbygging þjóðarsjóðs verður.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, segir áformin ekki til þess fallin að auka skilvirkni eða hagræðingu í kerfinu, það sé einfaldlega ekki innbyggt í ríkisstjórnina.

„Það er alltaf gott að sameina ríkisstofnanir og reyna að ná sem mestri hagræðingu í ríkisrekstri en þessi ríkisstjórn er ekki að einfalda stjórnkerfið, hún er að flækja það,“ segir Þorgerður Katrín. „Ríkisstjórnin er ekki að spá í neitt annað en að halda sér saman, á meðan þenst ríkisbákníð út.“ – aa / sjá síðu 4



Fjöldi manns tók þátt í göngu í tilefni af billausa deginum í hádeginu í gær. Billausi dagurinn er árlegur viðburður, gangan í gær var skipulögð af Samtökum um billausan lífsstíl og Ungum umhverfissinum. Gengið, eða hjólað, var frá gatnamótum Miklubrautar og Lönguhlíðar niður að Lækjartorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Bikarar á loft

**ÍÞRÓTTIR** Valskonur urðu um helgina Íslandsmeistarar í knattspyrnu þegar liðið vann Keflavík í lokaleik sínum í Pepsi Max-deild kvenna. Þar með eru Valskonur handhafar allra stóru boltatitlanna. Valskonur urðu Íslands-, bikar- og deildarmeistarar bæði í Domino's-deild kvenna í körfubolta og Olís-deild kvenna í handbolta.

Hinum megin við lækinn fékk KR afhentan Íslandsmeistarabikarinn eftir sigur á FH. Mikil gleði ríkti á Meistaravöllum í gær þegar Óskar Örn Hauksson lyfti bikarnum.



– bb / sjá síðu 12

## Olía úr fitu

**UMHVERFISMÁL** Auðvelt væri að skipta út einni milljón lítra af olíu, sem notuð er í Eyjafirði, fyrir lífdísil. Olían yrði framleidd úr lífrænum úrgangi sem fellur til. Orkuskiptin væri hægt að framkvæma á innan við tveimur árum.

„Við gerum ráð fyrir að verkefnið muni kosta um fimm hundruð milljónir króna og greiðast upp á um 15 árum,“ segir Guðmundur Haukur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vistorku á Akureyri. Ef af yrði myndi það þýða minnkandi kolefnislosun sem nemur útblæstri þúsund bíla. – sa / sjá síðu 6



**Jafnaðu þig hjá Orkunni**

Kolefnisjafnaðu aksturinn með Orkulyklinum

orkan.is

AUSTURBÆR

**VIÐBURÐAHÚS**

FUNDIR, VEISLUR TÓNLEIKAR & FL.

**3 SALIR**

50 - 1.000 GESTIR

Tales from Iceland

LUXOR

518 4000 / info@tales.is

actavis

Vnr 06 68 62

**Omeprazol Actavis 20 mg**

14 magasýrupólin hörð hylki

**Omeprazol Actavis**


20 mg, 14 og 28 stk.

Magasýrupólin hörð hylki ætluð fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsvíða og nábit). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni fyrir mat eða á fastandi maga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og auka-verkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

Actavis



## Veður



SA og A 5-13 m/s, en 13-18 með suðurströndinni. Rigning með köflum, einkum sunnanvert. Hiti víða 12 til 18 stig. Yfirleitt þurr norðan til, en væta í öðrum landslutum. **SJÁ SÍÐU 16**



Kolbrún Benediktsdóttir, saksóknari. FRÉTTABLAÐIÐ/ADALHEIDUR

## Saksóknarar á hlaupahjólum

**SAMFÉLAG** Undanfarið hafa starfsmenn embættis héraðssaksóknara sést skjótast á milli staða í miðbænum á forlata rafmagnshlaupahjólum. Sérstaklega á milli Héraðsdóms Reykjavíkur í Lækjargötu og skrifstofu embættisins á Skúlagötu 17. Fararskjórnir eru liður í verkefni Umhverfisstofnunar sem nefnist Græn skref. Markmiðið er að draga úr umhverfisáhrifum í opinberum rekstri og auka þekkingu starfsfólks á umhverfismálum.

„Vinnan við innleiðingu aðgerða Grænna skrefa hófst í fyrra. Þetta er nokkuð víðamikil verkefni sem verður innleitt í nokkrum skrefum,“ segir Hólmsteinn Gauti Sigurðsson, lögfræðingur yfirstjórnar hjá embættinu. Fyrir utan hlaupahjólina nefnir hann flokkun sorps og úrgangs, kaup á umhverfsvottuðum vörum og grænt bókhald sem dæmi um skref sem hafa verið tekin.

Kolbrún Benediktsdóttir vara-héraðssaksóknari segist ánægð með rafhlaupahjólid enda ekki aðeins umhverfisvænni ferðamáti en bill heldur mun praktískari. „Fyrir stutt erindi í Héraðsdóm Reykjavíkur getur verið mjög tímafrekt að fara á bíl. Rafhlaupahjólid er fullkomil fyrir styttri vegalengdir,“ segir Kolbrún. – bp

## Tekið á móti veikum og slösuðum böngsum



Læknar tóku á móti veikum og slösuðum böngsum á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu í gær. Markmiðið er að sýna ungum bangsa-eigendum að þeir þurfi ekki að vera hræddir við heilbrigðisstarfsfólk. Systkinin Ásgeir Guðni og Arney Ásta mættu með bangsana sína Lubba og Bangsa á Bangsaspítalann í Efstaleiti þar sem bangsalæknirinn Herdis Eva Hermannsdóttir hjúkraði þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Óvíst með Óskar Hrafn

**FÓTBOLTI** Óskar Hrafn Þorvaldsson, þjálfari Gróttu, er ekki viss hvort hann verði áfram með liðið í Pepsi Max-deildinni á næsta ári. Eftir að Gróttu tryggði sér sigur í Inkassodeildinni var Óskar rifinn í viðtal og sagðist hann ætla njóta þess að vera til, framtíðin væri óskriflað blað. Ekki náðist Óskar í gær.

Flestir eru sammála um að Óskar sé búin að vinna nánast kraftaverk með félagið. Leikmenn fá lítið sem ekkert greitt fyrir sína iðkun ólíkt öðrum liðum heldur setja þeir allt sitt í umgjörð og annað í kringum liðið.

Eru mörg lið í efstu og næstefstu deild sögð horfa öfundaraugum á hvernig Gróttu hefur gert hlutina.

– bb



# Tapaði veðmáli við norska boltastjörnu

Tapað veðmál við norskan handboltakappa varð til þess að 19 ára Íslendingur hljóp hálfmaraþon í Osló íklæddur Borat-skýlu. Uppátækið vakti mikla athygli ytra. Íslendingurinn kvaðst vera aumur í afturendanum eftir hlaupið.

**ÍÞRÓTTIR** Nítján ára gamall Íslendingur, Fannar Þór Heiðuson, náði frábærum árangri í sínu fyrsta hálfmaraþoni í Osló um helgina. Hljóp hann vegalengdina á 1 klukkustund og 21 mínútu og endaði í 10. sæti af 149 keppendum í hans aldursflokk.

Mesta athygli vakti þó klæðnaður Fannars en hann hljóp íklæddur svokallaðri Borat-skýlu. Ástæðan fyrir klæðnaðinum sú að hann hafði tapað veðmáli við þekktan norskan handboltakappa.

Fannar Þór hefur búið í Norge síðan árið 2010 og er efnilegur íþróttamaður. Hann leggur aðaláherslu á æfingar og keppni í þríþraut og það var á slíku móti sem hann kynntist handboltakappanum Frank Løke. Frank er nokkuð þekktur í Noregi fyrir afrek sín með norska landsliðinu á árum áður auk þess sem hann er reglulegur gestur í norskum sjónvarpsþáttum. Mikla athygli vakti þegar Frank dansaði í áður nefndri Borat-skýlu í raunveruleikabættinum „Skal vi danse“ á síðasta ári og það var sú fræga þjatlá sem Fannar þurfti að klæðast í hlaupinu um helgina.

„Ég hitti hann á þríþrautmóti og við vorum að spjalla saman. Hann var að rífa kjaft og sagðist geta unnið mig en ég hélt nú ekki. Það endaði með því að við veðjuðum um að ef ég yrði meira en 15 mínútum á undan honum í mark þá myndi hann þurfa að hlaupa hálfmaraþon í skýlunni frægu en annars þyrfti ég að gera það,“ segir Fannar. Svo fór að hann varð 14 mínútum og 36 sekúndum á undan Frank í mark og þar með var ljóst að veðmálið var tapað.

„Það kom aldrei annað til greina en að vera maður orða sinna. Þetta



Fannar Þór Heiðuson kemur í mark í hálfmaraþoni í Osló. AÐSEND MYND

**Það kom aldrei annað til greina en að vera maður orða sinna.**

Fannar Þór Heiðuson, hlaupari

var skríttin en skemmtileg upplifun því uppátækið vakti mun meiri athygli en ég bjóst við. Það voru margar myndavélar á lofti og áhorfendur hvöttu mig óspart áfram,“ segir Fannar.

Hann segir að það hafi verið frekar óþægilegt að hlaupa svo langt

hlaup í slíkri skýlu. „Strengurinn fór ansi langt upp í rassgatið,“ segir Fannar og skellihlær.

Eftir hlaupið skilaði hann Frank svo skýlunni en þarf þó fljótlega að fá hana aftur lánaða. „Ég var svo kokhraustur að ég gerði við hann annað veðmál um að ef ég hlýpi á innan við einni klukkustund og korteri þá þyrfti hann að hlaupa maraþon í skýlunni. Ef það tækist ekki þá kæmi það í minn hlut. Ég tapaði því veðmáli og ég þarf því að hlaupa tvöfalt lengri vegalengd á næsta ári,“ segir Fannar.

bjornth@frettabladid.is

# BRIDS SKÓLINN



**BYRJENDUR** (stig 1) **30. sept.** 8 mánudagar frá 20-23  
**KERFIÐ** (stig 2) **2. okt.** 8 miðvikudagar frá 20-23

• **STIG 1** Viltu læra brids? Á byrjendanámskeiði er farið vel yfir leikreglur og undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Ekkert mál að mæta ein/einn.

• **STIG 2** Sagnkerfið er í forgrunni á þessu námskeiði, bæði tveggja-manna-tal og ýmsar stöður í sagnbaráttu. Mikilið spilað og ekki nauðsynlegt að koma með makker.

• Staður ... **Síðumúli 37** í Reykjavík

• Sjá nánar á ... **bridge.is**

• Upplýsingar og innritun í síma ... **898-5427**





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# NÝR CAMRY HYBRID SÝNDU FORDÆMI

ISLENSKULISTOV 92899 0619



**50% RAFDRÍFINN\***  
Verð frá: 6.790.000 kr.



Eftir áralanga fjarveru kynnum við nýjan Camry Hybrid til sögunnar, veglega nýja útgáfu sem fer á undan með góðu fordæmi. Hann fæst einungis í Hybrid-útgáfu sem sameinar fullkomlega gæði, glæsileika og virðingu fyrir umhverfinu. Komdu og finndu þig í glæsilegum bíl sem fer þér betur. Sýndu fordæmi – veldu Hybrid. Orkuskiptin eru hafin.

**2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Camry, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.**

**Allir nýir Toyota Hybrid bílar eru núna sporlausir í samstarfi við Kolvið.**

**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.**



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kauptúni  
Kauptúni 6

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14



\*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARE og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is).  
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.





## FRÉTTABLAÐIÐ IS

**1 Hilmar biðlar til stjórnvalda um hjalp: „Ég er mjög leiður yfir þessu“** Mohammad Sayeed, dyggur stuðningsmaður íslenskra landsliðsins, fær ekki vegabréfs-áritun hingað til lands. Stjórnar-meðlimur Tólfunnar er leiður.

**2 Stuðningsmenn Everton æfir út í Gylfa** Stuðningsmenn Everton eru æfir út í Gylfa Sigurðsson vegna frammistöðu hans í tapi Everton á laugardaginn.

**3 Tryggvi Rúnar: „Má Katrín skammast sín fyrir sinn þátt í þessari sögu“** Barnabarn eins af sakborningunum í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu, er harðorður í garð forsætisráðherra.

**4 „Forysta Eflingar hagi sér eins og verstu skúrkur í atvinnurekendastétt“** Sveir starfsmenn Eflingar sendu frá sér yfirlýsingu vegna ummæla framkvæmdastjóra Eflingar um helgina.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á [www.frettabladid.is](http://www.frettabladid.is)



Byssan sem brúkuð er á Bakka.

## Annað slys í kísilveri PCC

**HÚSAVIK** Starfsmaður PCC-kísilverisins á Bakka slasaðist í síðasta mánuði þegar hann fékk í sig skot úr byssu sem er notuð til að losa þrýsting úr bræðsluofnum verksmiðjunnar. Þetta er annað slíkt slys á tæpu ári. Skotið endurkastaðist í hönd starfsmannsins en hann var aldrei í lífshættu. Byssuskotin eru varaúrræði til að losa ofnana ef hefðbundnar leiðir eru ekki færar, til dæmis vegna bilunar. – bp

# Stefnir í átök borgarar og byggða

Samgöngumál, veggjöld, landbúnaðarmál, sameiningar sveitarfélaga. Stærstu mál nýhafins þings eru þekkt áttakamál byggðapólitíkur hér á landi. Fréttablaðið ræddi við formenn fastanefnda Alþingis.

**STJÓRN MÁL** Ráðherrar mæta nú til þingnefnda til að kynna þau mál sem þeir hyggjast leggja fram á næstunni. Af þeim málum sem formenn fastanefnda nefna við Fréttablaðið má búast við að átök um ólíka hagsmuni höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar verði fyrirferðamikil á nýhögðu haustþingi. Meðal stærstu mála sem koma til þingsins eru samgönguáætlun, auk frumvarpa um veggjöld og einkaframkvæmdir í vegakerfinu, frumvarp um lágmarksfjölda íbúa í sveitarfélögum auk margra stórra landbúnaðarmála.

Formenn fastanefnda nefna þó fleiri mál eins og þjóðarsjóð, lækkun bankaskatts og neyslurými fyrir notendur fíkniefna. Þótt Allsherjar- og menntamálanefnd eigi eftir að fá kynningu frá ráðherrum er óhætt að fullyrða að styrkir til einkarekinna fjölmiðla verði ofarlega á baugi í nefndinni en menntamálaráðherra hefur lagt áherslu á að hið nýja styrkjakerfi komist til framkvæmda nú um áramót. Styrir hefur staðið um málið, ekki síst í þingflokki Sjálfstæðisflokksins.

Mismikill málaþungi er í nefndum enda eðli þeirra og hlutverk ólíkt. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd er ekki með eins mikið af hefðbundnum þingmálum til meðferðar en fjallar um skýrslur frá bæði Ríkisendurskoðun og Umboðsmanni Alþingis. Nefndin fjallar líka um ýmis mál sem upp kunna að koma til að rækja eftirlitshlutverk þingsins. Ekki er ólíklegt að nefndin muni funda um þau ágreiningsmál sem komin eru upp innan lögreglunnar en Ríkisendurskoðun hefur samþykkt að gera stjórnarsýsluendurskoðun á embætti ríkislögreglustjóra.

Utanríkisamálanefnd hefur einnig nokkra sérstöðu og fjallar gjarnan um alþjóðamál þegar þau koma upp. „Reynslan kennir okkur að ólíklegustu mál geta undið upp á sig og aukaatriði jafnvel orðið að adalatriðum“, segir Sigríður Á. Andersen, nýr formaður utanríkisamálanefndar. Nefndin tekur við öllum EES-málum óháð því á hvaða málefna sviði þau eru en Sigríður hyggst setja kraft í endurskoðun á verklagi við innleiðingu þeirra bæði formlega og efnislega í nefndinni og í videigandi málefna nefndum.

Mikið annríki verður í efnahags- og viðskiptanefnd þetta haustið og á formaður nefndarinnar, Óli Björn Kárason, von á um það bil 50



Þingmenn landsbyggðarkjörðæmanna þriggja munu hafa í nógu að snúast á yfirstandandi þingi miðað við viðfangsefni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Helga Vala Helgadóttir**  
velferðarnefnd



**Þórhildur Sunna Ævarsdóttir**  
stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd



**Páll Magnússon**  
allsherjar- og menntamálanefnd



**Sigríður Á. Andersen**  
utanríkisamálanefnd



**Óli Björn Kárason**  
efnahags- og viðskiptanefnd



**Willum Þór Þórsson**  
fjárlaganefnd



**Lilja Rafney Magnúsdóttir**  
atvinnuveganefnd



**Bergþór Ólason**  
umhverfis- og samgöngunefnd

málum frá ríkisstjórninni, auk þingmannamála. „Nefndarmenn þurfa ekki að hafa áhyggjur af verkefnaskorti í vetur“, segir Óli Björn.

Bergþór Ólason, formaður umhverfis- og samgöngunefndar, býst við miklum skóðanaskiptum

um annars vegar samgöngumál og hins vegar um fyrirhugaðan lágmarksfjölda íbúa í sveitarfélögum en í atvinnuveganefnd má einkum búast við skiptum skoðunum um landbúnaðarmálin.

[adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)

## Meðal helstu mála í nefndum Alþingis

### Utanríkisamálanefnd

- Ýmsar lagabreytingar með það markmið að tryggja áunnin réttindi breskra og íslenskra borgara við Brexit
- Verklag við innleiðingu EES-gerða

### Efnahags- og viðskiptanefnd

- Þjóðarsjóður
- Lækkun bankaskatts
- Lækkun erfðafjárskatts
- Breytingar á samkeppnislögum
- Breytingar á lögum um neytendalán – neytendavernd gagnvart smálánafyrirtækjum

### Atvinnuveganefnd

- Búvörulög – kostnaður við úthlutun tollkvóta
- Endurskoðun búvörusamnings
- Einföldun reglugerks í sjávarútvegi og landbúnaði
- Bætt eftirlit með fiskveiði (meðal annars vegna brottkasts)

### Umhverfis- og samgöngunefnd

- Samgönguáætlun
- Gjaldtaka af umferð og heimild til að fela einkaaðilum fjármögnun, framkvæmdir og veghald á tilteknum köflum þjóðvega
- Lágmarksfjöldi íbúa í sveitarfélagi

### Fjárlaganefnd

- Fjárlög og fjárukaulög
- Frumvarp um umbótamál ríkisins
- Fjármálaáætlun fyrir árin 2021 til 2025 (á vörþingi)

### Allsherjar- og menntamálanefnd

- Stuðningur við einkarekna fjölmiðla
- Breytingar á fyrirkomulagi námslána
- Frumvarp um heimild ráðherra til að skipa sama sýslumanninn yfir fleiri embætti

### Velferðarnefnd:

- Frumvarp um Neyslurými
- Heildarendurskoðun lyfjalaga

### Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

- Umfjöllun um skýrslur ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis
- Breytingar á upplýsingalögum – réttarstaða þriðja aðila

## FIAT ATVINNUBÍLAR



**FIAT DUCATO**

Verð frá 4.024.194 án vsk.  
4.990.000 m/vsk.

**FIAT TALENTO L2H1**

Verð frá 3.298.387 án vsk.  
4.090.000 m/vsk.

**FIAT DOBLO**

Verð frá 2.225.806 án vsk.  
2.760.000 m/vsk.

**FIAT FIORINO**

Verð frá 1.854.032 án vsk.  
2.299.000 m/vsk.



UMBOÐSADILI FIAT Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.FIATPROFESSIONAL.IS • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16







Innovation  
that excites

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

# TREYSTU Á REYNSLUNA

## VELDU MEST KEYPTU RAFBÍLA Í HEIMI



### NISSAN e-NV200 – 100% RAFBÍLL

Drægi 200 km. Rafhlaða 40 kWh, 109 hestöfl

**VERÐ FRÁ: 4.790.000 KR.**

### NISSAN LEAF – 100% RAFBÍLL

Drægi 270 km. Rafhlaða 40 kWh, 150 hestöfl

**VERÐ FRÁ: 4.390.000 KR.**

Nissan hefur verið leiðandi í framleiðslu rafbíla síðan árið 2010 þegar Nissan Leaf var kynntur til sögunnar. Enginn rafbíll hefur unnið til jafn margra umhverfisverðlauna og enginn framleiðandi hefur selt jafn marga rafbíla og Nissan.

Nissan Leaf er ekki einungis valinn vegna reynslunnar heldur þeirrar staðreyndar að hann er einn skemmtilegasti rafbíll sem í boði er. Nissan Leaf er hlaðinn staðalbúnaði og nýjungum á borð við e-Pedal sem er sjálfvirk hemlun sem endurnýtir orku og auðveldar akstur í þéttbýli.

Nissan e-NV200 er sendibíll sem byggir á þaulreyndri rafbílatækni Nissan Leaf. Fyrir fyrirtæki sem ætla að skipta yfir í rafbíl er gott að vita að e-NV200 hefur þegar verið valinn í þjónustu margra af stærstu og öflugustu fyrirtækjum landsins.

**3,95%**

**KJARAVEXTIR**

- Fastir vextir
- Engin verðtrygging
- Ekkert lántökugjald
- Lægri mánaðargreiðsla
- Miklu lægri kostnaður

Hagstæð leið til að fjármagna bílakaupin. Kynntu þér 3,95% Kjaravexti hjá sölumönnum BL eða á [www.bl.is](http://www.bl.is)



**PRÓFAÐU FYRST RAFBÍLANA SEM FLESTIR VELJA**  
**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR**

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL sölumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





# Landamæraeftirlit ef samningar nást ekki

**BRETLAND** Koma verður á landamæraeftirliti milli Írlands og Norður-Írlands ef ekki verður samið um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Þetta sagði Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB, í viðtali við Sky í gær. Þar hafnaði hann einnig alfarið því að ESB beri einhverja ábyrgð ef illa fer við útgönguna, það hafi „ekki verið ESB sem fann upp Brexit“.

Landamærin á Írlandi hafa verið eitt helsta þrætueplið í tengslum við útgönguna. Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, hefur hafnað því að hafa svokallaða baktryggingu á landamærunum. Dominic Raab utanríkisráðherra tekur í sama streng og segir það ótækt að aðrar reglur verði í gildi á Norður-Írlandi en annars staðar í landinu. Unnið sé hörðum höndum að samkomulagi við ESB í þá átt.

Juncker segir ESB hins vegar verða að tryggja eigið öryggi. „Dýr sem kemur frá

Við verðum að verja heilbrigði og öryggi okkar þegna.

Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB

Norður-Írlandi til Írlands án landamæraeftirlits er komið eftirlitslaust inn í ESB. Það mun ekki gerast. Við verðum að verja heilbrigði og öryggi þegna okkar.“ – ab

Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB.

NORDICPHOTOS/AFP



# Kynnir friðarumleitanið við Persaflóa á morgun

**ÍRAN** Hassan Rouhani, forseti Írans, segir hernaðaruppbyggingu Bandaríkjanna við Persaflóa ógna friði á svæðinu. Í sjónvarpsávarpi í gær sagði hann að erlendur herafli á svæðinu hefði alltaf í för með sér þjáningar og hörmungar. Hyggst hann kynna nýjar friðarumleitanið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á morgun.

Nú þegar eru um þúsund bandarískir hermenn í Sádi-Arabíu. Um helgina sagði Mark Esper varnarmálaráðherra að fleiri hermenn yrðu sendir þangað í kjölfar drónarárasa Jemena á olíuvinnslustöðvar fyrir skemmstu, en bæði Sádi-Arabar og Bandaríkjamenn saka

» Fjölgað verður í herliði Bandaríkjanna við Persaflóa á næstunni í kjölfar drónarárasa á olíuvinnslustöðvar.

Írani um að bera ábyrgð á þeim.

Á fundi SP munu Sádi-Arabar fara fram á refsiaðgerðir gegn Írönnum, sem neita alfarið að bera ábyrgð á árásum. Bandaríkjamenn vilja hins vegar forðast stríð í lengstu lög til að valda ekki meiri óstöðugleika á svæðinu.

– ab

Hassan Rouhani, forseti Írans. NORDICPHOTOS/GETTY



Hægt er að framleiða lífdísilíu úr steikingarolíu og öðrum úrgangi sem safnað er á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ætla að framleiða olíu úr sláturfítu í Eyjafirði

Hugmyndir um aukna sjálfbærni í Eyjafirði eru langt komnar. Hægt að framleiða um eina milljón lítra af lífdísil úr lífrænum úrgangi sem fellur til á svæðinu og minnka þannig losun um sem nemur akstri eitt þúsund heimilisbíla.

**UMHVERFISMÁL** Ein milljón lítra af olíu er notuð í Eyjafirði sem hægt er að skipta út fyrir lífdísil á mjög auðveldan hátt. Unnið er að undirbúningsvinnu innan Vistorku á Akureyri í samstarfi við Moltu að þessum orkuskiptum. Áætlun gengur út á að kostnaður við orkuskiptin borgi sig upp á aðeins fimmtán árum.

Þessi ein milljón lítra er olía sem notuð er í Grímsey, í framleiðslu Sæplasts á Dalvík, í Malbiksframleiðslu og í firðinum. Þar er notað jarðefnaeldsneyti sem auðveldlega mætti skipta út fyrir lífdísil. Hægt er að framleiða þessa olíu í firðinum úr lífrænum úrgangi sem til fellur og steikingarolíu sem er safnað á Akureyri og væri hægt að framkvæma orkuskiptin á innan við tveimur árum.

Guðmundur Haukur Sigurðarson, framkvæmdastjóri Vistorku á Akureyri, segir þetta mjög auðvela

Við gerum ráð fyrir að verkefnið muni kosta um fimm hundruð milljónir króna og greiðast upp á um 15 árum.

Guðmundur Haukur Sigurðarson, framkvæmdastjóri Vistorku



framkvæmd í sjálfu sér þar sem tæknin sé fyrir hendi. „Við sjáum fyrir okkur að vinna aðallega lífdísil úr fítu sem kemur með sláturúrangi til Moltu. Þannig mætti vinna stærstan hluta þess. Við gerum ráð fyrir að verkefnið muni kosta um

fimm hundruð milljónir króna og greiðast upp á um 15 árum. Því er þetta hagkvæmt verkefni sem og að minnka losun í Eyjafirði,“ segir Guðmundur Haukur.

Af þessu yrði ávinningurinn skýr því eitt kíló af eldsneyti losar um 2,6 kíló af koltvisýringi. Því myndi þessi orkuskipti þýða minnkandi losun sem nemur um 2.600 tonn-um. „Það jafngildir að um þúsund bifreiðar yrðu teknar af götunum,“ bætir Guðmundur Haukur við. „Rafbíl kostar um fjórar milljónir að meðaltali. Þúsund bílar kosta um fjóra milljarða en þetta verkefni um 500 milljónir og það borgar sig upp hratt.“

Molta vinnur nú að því að finna nýja staðsetningu fyrir framleiðslu sína í Eyjafirði með það fyrir augum að geta komist í eigið húsnæði þar sem hægt er að byggja við. Þessi framleiðsla gæti því hafist innan fárra ára. sveinn@frettabladid.is

# Vilja rannsókn á ákæru- og dómssvaldi

**STJÓRNSÝSLA** Tillaga til þingsályktunar um skipun rannsóknarnefndar til að kanna starfshætti ákærvalds og dómssvalds í Guðmundar- og Geirfinnsmálum er í lokavinnslu á Alþingi. Samkvæmt greinargerð með tillögunni er tilgangur hennar að „fá loksins skiljanlegan botn í hin gömlu Guðmundar- og Geirfinnsmál með rannsókn á mögulegri misbeitingu valds og ólögætum aðferðum, þeim veigamiklu þáttum sem réttarkerfið hefur aldrei treyst sér til að taka til skoðunar.“ Fyrsti flutningsmaður tillögunnar er Helga Vala Helgadóttir, en samflokksmenn hennar í Samfylkingunni flytja málið með henni.

Í tillögunni er lagt til að skipuð verði sérstök þriggja manna rannsóknarnefnd, í samræmi við lög um rannsóknarnefndir, „sem geri sjálfstæða og óháða rannsókn á starfsháttum ákærvalds og dómssvalds í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Nefndin kanni hvort og þá hvaða meinbugir voru á starfsháttum ákærvalds og lögreglu við meðferð málanna sem og málsmeðferð fyrir dómi. Rannsóknin taki einnig til aðkomu þýska rannsóknarlög-



Rannsóknarlögregluábyrgingurinn Karl Schütz ásamt hinum fræga Leirfinni. LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

reglumannsins Karls Schütz.“

Í greinargerð með tillögunni eru tiltekin nokkur dæmi sem flutningsmenn telja að rannsaka þurfi nánar; svo sem ítrekuð brot á réttarsfarsreglum, fjarvistarsannanir sem

» Samkvæmt greinargerð er tilgangurinn að fá botn í þá þætti Guðmundar- og Geirfinnsmála sem réttarkerfið hefur ekki treyst sér til að skoða.

ekki voru kannaðar og fölsuð gögn sem lögð voru fram í sakadómi. Flutningsmenn nefna einnig síðari tíma dæmi af aðdraganda endurupptökunar. Vísað er til gagna um meinta refsiverða háttsemi rannsakenda sem endurupptökunefnd er sögð hafa stungið undir stól en nefndin féllst ekki á að refsiverð háttsemi starfsmanna réttarkerfisins væri grundvöllur endurupptöku. Þetta þurfi að rannsaka.

Þá er einnig lögð áhersla á að rannsaka þurfi sérstaklega mögulegan þátt rannsakenda í því að þrjú ungmennanna, sem sakfelld voru á sínum tíma, báru sakir á svokallaða Klúbbmenn. En þau hafa enn ekki verið sýknuð af þeim röngu sakargiftum sem þau voru sakfelld fyrir. – að

**SORGAR MIDSTÖÐ**



Lifsgæðasetur St. Jó., Suðurgötu 41, Hafnarfirði  
gengið inn Hringbrautarmegin 24. september - fræðsla – sjálfsvíg

kl. 20:00 - 21:30 Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir flytur erindið. Að missa í sjálfsvígi, tekist á við sorgina.

Allir velkomnir.

Kynning á hópastarfi og kaffisopi.

Nánar sími: 551-4141 sorgarmidstod@sorgarmidstod.is



# Ótrúlegt verð á skrifstofuhúsgögnum



Vnr: NEOVENTILO-D-SV

**NEO** DESIGN®

## Ventilo skrifborðsstóllinn

- Hæðarstilling
- Stillanlegur stuðningur við mjóhrygg
- Samhæfð stilling setu og baks fylgir hreyfingum notandans
- Mótstöðustilling fyrir mismunandi þyngd
- Dýptarstillanleg seta
- Hæðarstillanlegir armar
- Mjúk eða hörð hjól
- Bólstruð seta og netbak
- Svartur hjólakross
- Gerður fyrir notendur allt að 110 kg

Hönnun: Michael Magrin

AFSLÁTTUR  
25.000 KR.

Tilboðsverð:

**54.900 kr.**

Verð áður 79.900 kr.

**Kinnarps**®

## Rafhækkanlegt skrifborð

Nú eru síðustu forvöð að kaupa rafhækkanlegt, tveggja mótor skrifborð úr T-línunni áður en framleiðsla þess verður hætt. Eitt verð, óháð stærð eða gerð borðplötu.

- Gæðaborðplötur – tvær stærðir á sama verði: 160x80 cm / 180x80 cm
- Tvær gerðir af borðplötum: spónlagðar með eik eða beyki
- Rafstýrð hækkun frá 61,5 cm upp í 128 cm
- Tveir mótórar

FRÁBÆRT  
TÆKIFÆRI

Einstakt verð:

**59.900 kr.**

**5** ÁRA ÁBYRGÐ

Opið virka daga 8:00–18:00

Skeifunni 10, Reykjavík  
Hafnarstræti 91–93, Akureyri  
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330  
husgogn@penninn.is  
www.penninn.is



**PENNINN**  
Húsgögn



# Að mæla velsæld þjóðar



Davíð Stefánsson  
david@frettabladid.is

**F**jölmargt hefur áhrif á velsæld þjóðar, til að mynda afkoma þjóðarbúsins, ástand náttúrunnar, sjálfbærni, jöfnuður, lífsgæði og almenn velferð. En hvað er það sem skiptir okkur mestu? Hvað er okkur mikilvægast fyrir eigin lífsgæði? Hvað einkennir gott samfélag?

Þegar lífsgæði þjóða eru metin er gjarnan horft til efnahagslegra þátta. Réttilega er horft til samkeppnishæfni atvinnulífsins og atvinnusköpunar, öflugt hagkerfi sé rammi utan um betri lífskjör og efnahagsleg gæði fólks og heimila. Það skapi svigrúm til að fá notið gæða og góðs lífs.

En efnahagur er ekki það eina sem skiptir máli. Þær þjóðir sem við viljum helst miða okkur við og alþjóðastofnanir horfa í æ ríkari mæli á stærri mynd og reyna að dýpka skilning á velsæld þegnanna.

Í síðustu viku var kynnt merkilegt starf sem unnið hefur verið undir forystu forsætisráðuneytisins, þar sem skoðuð var velsæld almennings með því að horfa á þætti eins og heilsu, félagsauð og umhverfið sem mælikvarða á lífsgæði en ekki eingöngu hagvöxt og þjóðarframleiðslu sem gjarnan er gert.

Kynntar voru tillögur að mælikvörðum til að meta hagsæld og lífsgæði landsmanna og skiptast þeir í þrennt: Í fyrsta lagi félagslega þætti með áherslu á heilsu, menntun, félagsauð, öryggi og jafnvægi í leik og starfi. Í öðru lagi efnahagslega þætti með áherslu á atvinnu, hagkerfið, húsnæði og tekjur. Og í þriðja lagi umhverfisþætti á borð við loftgæði, loftslag, landnotkun, orku, úrgang og endurvinnslu.

Út frá þessu hafa síðan verið greindir 39 mælikvarðar á velsæld og lífsgæði Íslendinga. Þar er horft til þess hvernig fólki líður, heilbrigðis, húsnæðis, hvernig tengsl fólks við aðra eru og hvort fólk hafi yfir höfuð tíma fyrir sjálft sig, fjölskyldu og áhugamál. Þá sé metið hvernig gæði samfélagsins skiptast milli íbúanna og hvaða áhrif aukin framleiðsla og vöxtur hefur á umhverfið.

Að mæla velsæld er varla markmið í sjálfu sér. Samandregið ætti þetta, ásamt hefðbundnum hagsældarmælingum, að gefa betri sýn á lífsgæði á Íslandi. Þetta ætti að auðvelda stjórnvöldum að fylgjast með þróun og breytingum í samfélaginu og styðja við stefnumótun og ákvarðanatöku. Vonandi skila þessar tillögur sér einnig inn í stjórn málaumræðuna. Með meiri skilningi á velmegun og félagslegum framförum er hægt að tryggja betur og auka velsæld allra í samfélaginu.

Atyglí vekur, þegar skoðuð eru skrif um þessa mælikvarða, sá skortur sem er á upplýsingum hér á landi um félagsauð og samspil vinnu og einkalífs. Úr því þarf nauðsynlega að bæta.

Þessar tillögur að mælikvörðum á velsæld þjóðar eru komnar í samráðsgátt stjórnvalda. Þær byggja á starfi sem ber að hrósa fyrir.



Í síðustu viku var kynnt merkilegt starf... þar sem skoðuð var velsæld almennings með því að horfa á þætti eins og heilsu, félagsauð og umhverfið sem mælikvarða á lífsgæði.

Halldór



## Frá degi til dags

**Skipulagssniðd strætó**  
Billausi dagurinn var haldinn hátíðlegur um helgina. Blásið var til göngu niður lokaða Miklubrautina og síðan fór fram fjölbreytt dagskrá á Lækjartorgi. Í tilefni dagsins var ókeypis í strætó. Þeir sem vildu sækja hátíðahöldin heim í gulum vagni þurftu þó að gera sér það að góðu að labba frá Hlemmi eða vestur úr bæ þegar ekki var stoppað við Hörpu. Lækjargatan var nefnilega lokað fyrir strætó broðurpart dagsins og var vöffluvagn á stoppistöðinni. Unnendur billaus lífsstíls áttu því ekki auðvelt með að sækja veisluna heim. En þeir gátu fengið sér vöfflu.

**Villta ksilvestrið**  
Það er alvarlegt mál að í annað sinn á innan við ári verði starfsmaður ksilversins á Bakka fyrir byssuskoti. Byssan vígalega er notuð til að tappa þrýstingi af brennsluöfnum og er varaúrræði ef allt annað þrýtur. Margs konar bilanir gerðu það að verkum að skothvellir ómuðu ótt og títt um verksmiðjuna og stóð starfsmönnum ekki á sama. Í umfjöllun fjölmiðla um fyrri slysið kom fram að þetta verklag er bannað með lögum í Noregi. Ekki virðist þó hafa verið gripið til neinna aðgerða. Þarf einhver að deyja á Bakka áður en gripið verður inn í? bjornth@frettabladid.is

## Kerfisbreyting í þágu barna



Ásmundur Einar Daðason  
félags- og barnamálaráðherra

**V**ið Íslendingar höfum um of langt skeið þurft að horfast í augu við að börn og ungmenni sem þurfa aðstoð lenda á gráu svæði í kerfinu. Ólíkt mörgum öðrum þjóðfélagsþópum hafa þessir einstaklingar ekki marga háværa talsmenn í sínum röðum. Sést það meðal annars á því að hringiða stjórn mála snýst allt of sjaldan um stöðu þeirra. Frá mínum fyrsta degi sem ráðherra hef ég verið staðráðinn í því að ná fram grundvallarbreytingu á velferðarkerfinu. Breytingu sem setji börn og ungmenni í forgrunn. Fyrstu verk mín í embætti voru að hitta mikinn fjölda fólks sem hefur unnið að málefnum barna sem og notendur kerfisins. Allir sem vildu voru velkomnir á minn fund og fannst mörgum undarlegt að ráðherra skyldi opna sínar dyr á þennan hátt. Ástæðan er hins vegar einföld. Ég er ekki sérfræðingur í þessum efnunum. Ég var aftur á móti, líkt og við öll, einu sinni barn og vildi fá raunveruleg svör við því hvort breytinga væri þörf.

Það var fróðlegt að heyra skoðanir fólks og reynslu-sögur og finna að allir voru sammála um að gera þyrfti röttækur breytingar. Í framhaldi af þessari nokkurra mánaða yfirferð var ég því kominn með tilfinningu fyrir stöðunni, ákvað að virkja sem flesta og setja formlega af stað stærstu endurskoðun í málefnum barna á Íslandi í lengri tíma. Öll sú vinna hefur verið undir forystu þverpólitískrar þingmannanefndar sem skipuð var í upphafi vegferðarinnar og í góðu samstarfi við stýrihóp stjórnarráðsins í málefnum barna, Samband íslenskra sveitarfélaga auk fjölda fólks sem tók þátt í vinnunni í gegnum átta sérhæfða hópa.

Niðurstaða þessa langa samtals er nú að bera ávöxt. Tillögur að nýju velferðarkerfi fyrir börn og ungmenni liggja fyrir. Því efni ég til ráðstefnu, í samvinnu við Landssamband ungmennafélaga, í Norðurljóssal Hörpu þann 2. október næstkomandi. Ráðstefnan nefnist: „Breytingar í þágu barna“ en þar verða ofangreindar tillögur kynntar og einstaka þættir þeirra ræddir sérstaklega. Ráðstefnan hefst klukkan 8.30 og stendur til klukkan 15.00. Allar nánari upplýsingar er að finna á [www.frn.is](http://www.frn.is). Verið velkomin!



Tillögur að nýju velferðarkerfi fyrir börn og ungmenni liggja fyrir.



## Styrkir til verkefna og viðburða

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki á málefnaviðum ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra.

Styrkirnir eru ætlaðir til verkefna sem efla atvinnulíf og nýsköpun.

**Umsóknarfrestur er til 21. október nk.**

Umsóknir berist rafrænt í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins.

Allar nánari upplýsingar á [anr.is](http://anr.is)

Stjórnarráð Íslands

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið



# Líf á öðrum hnöttum

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

fyrir sig. Fólk segir almennt „ja, hérna“ og „svei mér þá“. Svo kemur næsta frétt um aflu línubáta það sem af er vetri. Og svo að íþróttum.

## Svæði 51

Spurningin um líf á öðrum á hnöttum er jú á meðal þeirra stærstu, rétt er það. Þó verð ég að viðurkenna að mér finnst eins og þessi spurning hafi aðeins lækkað í sessi með árunum. Hún hefur misst mikilvægi sitt.

Á föstudaginn átti sér stað viðburður í Bandaríkjunum sem hafði áður verið blásinn mjög upp á samfélagsmiðlum. Grallaraspói þar vestra hafði boðað að þennan dag skyldi æstur múgur brjótast inn í hið dularfulla afgirta hersvæði númer 51 í Nevada (Area 51). Lengi hafa kenningar verið uppi um að innan þessara girðinga geymi bandaríski herinn geimverur. Þarna sé til dæmis ET til húsa og fái ekki að hringja heim til sín.

Yfir tvær milljónir manna boðuðu komu sína. Allt stefndi í að þörf fólks til að vita fyrir vist að líf sé á öðrum hnöttum myndi ná vissum hápunkti. Málið yrði jafnvel leyst í eitt skipti fyrir öll.

Það er skemmst frá því að segja að örfáir mættu þegar á hölminn var komið. Af fréttum að dæma virðist viðburðurinn hafa verið tíðindalítill. Einn var handtekinn fyrir að pissa. Annar keyrði óvart á kú og varð miður sin.

## Lífið hér

Það er þetta sem ég segi. Spurn-



## Hver þarf geimverur þegar maður hefur Donald Trump?

sé einhvers konar líf. Annað væri fáránlegt. Fréttin sem Broddi myndi lesa í hádegisfréttum myndi því ekki koma mér það mikið á óvart, þótt vissulega fæli hún í sér tímamót.

Ég held að ástæðan fyrir því að vægi spurningarinnar um líf á öðrum hnöttum hafi minnkað sé þó ekki endilega sú að málið þyki ekki nógu merkilegt lengur, heldur er ástæðan mun fremur fylgin í því, að sú tilfinningin er fjarska útbreidd að lífið á þessum hnetti sé nógu erfitt og mikil ráðgáta fyrir. Af þessum sökum er það táknað að á föstudaginn skyldi maður í leit að geimverum enda með að keyra á kú. Lífið á þessum hnetti varð honum fyrirstaða.

Sjáði til. Hver þarf geimverur þegar maður hefur Donald Trump? Er ekki nógu erfitt að skilja landsbyggðarfólk í miðríkjum Banda-

ríkjanna og þeirra hugsanakerfi? Er það að Boris Johnson sé forsætisráðherra í Bretlandi ekki fyllilega sambærilegt við það að geimvera væri það? Og hingað heim: Þegar maður heldur að maður sé nokkurn veginn búinn að átta sig á sínu nærumhverfi, dúkkar þá ekki ríkislögmaður í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu upp kollinum með illskiljanlega greinargerð þar sem öllum kröfum um bætur vegna gríðarlegs óréttlætis sem saklaust fólk hefur mátt þola af hálfu ríkisins er hafnað. Það er engu líkara en greinargerðin og embættið komi frá öðrum hnetti þar sem allt aðrir hlutir hafa gerst.

## Hugar annarra

Sífelld skal maður minntur á það í stóru sem smáu að aðrir heimar eru allt í kringum mann. Í hugum annarra og hegðun þeirra birtast ráðgáturnar ljóslifandi. Þótt mannkynið hafi líklega aldrei verið jafntengt og aldrei jafnaðvelt að sameina gríðarlegan fjölda fyrir framan tölvur og sjónvarpstæki, þá er hitt líka afskaplega áberandi sem einkenni á okkar samtíma, að út um allt er fólk í sínum búblum og hölfum, aðskilið frá öðrum. Heilu þjóðfélögin skiptast í hópa sem geta með engu móti talast við. Gréta Thunberg sér enga ástæðu til að tala við Trump. Hann býr í öðrum veruleika en hún, án talsambands. Niðurstaðan? Jú, líf á öðrum hnöttum má bíða aðeins. Það er nóg af geimverum hér.

Beltone Trust™

# Hlustaðu á hjartað þitt

Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN





# Einn sá besti í sinni stöðu

Trent Alexander-Arnold skoraði fyrra mark Liverpool í 2-1 sigri liðsins á Chelsea á Stamford Bridge. Trent, sem er uppallinn hjá Liverpool, er orðinn einn besti hægri bakvörður veraldar, er góður í skák og sinnir samfélagsvinnu með bros á vör.

**FÓTBOLTI** Það er kannski skrýtið að velja hetju helgarinnar sem var með 56 prósent sendingarhlutfall og fékk gult spjald fyrir töl á 57. mínútu. En Trent Alexander-Arnold er bara svo ótrúlega góður og búinn að vera það svo lengi að þó að hann hafi ekki verið neitt sérstaklega stórkostlegur í þessum leik þá hefur hann sett viðmiðið svo hátt að það er ekkert hægt annað en að velja hann.

Alexander-Arnold skoraði fyrra mark Liverpool í sigrinum á Chelsea í gær og kom að aukaspurnunni sem Roberto Firmino stangaði í netið. Firmino og Mo Salah hafa nú þegar skorað þrjú og lagt upp þrjú og eru einu leikmennirnir sem hafa náð þeim áfanga. Liverpool hefur nú unnið fimmtán deildarleiki í röð.

Hann virðist líka vera einn af góðu gæjunum, sem er nú ekki mikið af í fótboltanum. Þó að hann sé rétt rúmlega tvítugur er Alexander-Arnold með báða fætur á jörðinni og sinnir þeim sem minna mega sín með bros á vör. Þegar hann var að alast upp í Liverpool sór hann þess eið, ásamt þáverandi liðsfélaga sínum, að þeir myndu sinna góðgerðarstarfsemi. Mamma hans hafði kynnt fyrir þeim An hour for others, sem eru góðgerðarsamtök í Liverpool og er Alexander-Arnold mikið þar.

Þegar hann skrifaði undir einn stærsta skósamning á Englandi við Under Armour lét hann hafa eftir sér að hann ætlaði að kaupa land í Liverpool til að byggja fótboltavelli svo að allir gætu spilað fótbolta. Skósamningurinn er sagður hljóða upp á 6,4 milljónir punda, sem nemur milljarði íslenskra króna. Ætlunin er að hefjast handa við að byggja strax næsta sumar.

Þá hefur hann gaman af því að tefla og fékk tækifæri til að tefla við sjálfan Magnus Carlson, heimsmeistara í skák. Hann tapaði þeirri viðureign í 17 leikjum. Hann teflir reglulega við annað ungstirni Liverpool, Ben Woodburn.

Þegar hann meiddist í desember í fyrra og Liverpool spilaði við Úlfana á Molinoux skeltti hann sér með félögum sínum og studdi liðið úr stúkunni. Svona mætti trúlega lengi telja.

Alexander-Arnold er fæddur 1998 og verður 21 árs þann 7. október. Hann hefur spilað um 100 leiki fyrir Liverpool þar sem hann er uppallinn. Hann varð fyrirlíði U16 og U18 ára liðsins og kom fyrst við sögu undir stjórn Brendans Rodgers í lokaleik undirbúningstímabilsins 2015-2016. Í október 2016 kom svo fyrsti alvöru leikurinn gegn Tottenham í deildarbikarnum. Skömmu síðar skrifaði hann undir nýjan samning við Liverpool. Í desember kom svo fyrsti leikurinn í deildinni. Alls lék hann tólf leiki og var valinn besti ungi leikmaður Liverpool.

Síðan hefur hann gert urmul mistaka en alltaf lært af þeim og er orðinn einn besti hægri bak-

» Alexander-Arnold er yngsti leikmaðurinn í sögunni sem hefur byrjað tvo úrslitaleiki í röð í Meistaradeildinni. Hann er þriðji yngsti markaskorari Liverpool í Evrópukeppni á eftir Michael Owen og David Fairclough. Þá er hann yngsti leikmaðurinn sem hefur gefið þrjár stoðsendingar í einum og sama leiknum.

vörður heims. Stöðugleikinn í varnarleiknum og ógnin af honum sóknarlega er ógurleg. Hann lagði upp meira en tug marka á síðasta tímabili og er þegar búinn að skora sitt fyrsta mark á tímabilinu. Enda segist hann hafa stúderað Dani Alves og Phillip Lahm þegar hann var að læra á bakvörðinn. Hann byrjaði sem djúpur miðjumaður en sá að í bakverðinum gat hann fengið meiri spilatíma.

„Trent hefur mikinn hraða en það sem skiptir meira máli er að hann er ofboðslega fljótur að hugsa. Bakvörður sem getur eignað sér allan vænginn en hefur einnig getuna til að senda á framherjana, sendingar sem þeir vilja fá,“ sagði fyrrverandi þjálfari hans, Pepijn Lijnders, árið 2017.

Þegar helsta hetja Liverpool síðari ára, Steven Gerrard, gaf út bókina sína My Story, minnstist hann á Alexander-Arnold sem þá var aðeins 16 ára. „Hann hefur möguleika á að ná langt. Hann er innfæddur og alveg eins og ég, sem vildi verða John Barnes eða Steve McMahon, ólst hann upp við að vilja vera ég þegar hann lék sér á leikvöllunum við Merseyside,“ skrifaði Gerrard.

Eftir að Alexander-Arnold færði sig af miðjunni og í bakvörðinn hefur hann blómstrað svo um munar. Merkillegt nokk þá fær hann alveg að dundra í boltann úr aukaspurnum þrátt fyrir margir af fremstu fótboltamönnum samtímans leiki með Liverpool. Fyrsta markið hans fyrir Liverpool var einmitt úr aukaspurnu og þá hefur hann smellt einni gegn Watford. Í gær rúllaði Mo Salah boltanum af mikilli nákvæmni til Alexander-Arnold og þetta var svokölluð þrumudundra, svo fast fór boltinn fram hjá markverði Chelsea, Kepa Arrizabalaga.

Í viðtölum eftir leikinn þá sagði guttinn að þetta hefði komið beint af æfingarsvæðinu. „Þetta ruglaði markvörðinn aðeins og ég náði sem betur fer að koma boltanum í netið. Það var gott að horfa á eftir boltanum.“ [benediktboas@frettabladid.is](mailto:benediktboas@frettabladid.is)



**HETJA HELGARINNAR**

●● Trent er mjög þroskaður miðað við aldur. Ég lít ekki á hann sem tvítugan pilt heldur 25-26 ára en ég þakka Guði fyrir að hann sé aðeins tvítugur. Hann er mjög þroskaður miðað við aldur, miklu meira en þegar ég var tvítugur.

**Jurgen Klopp**  
Knattspyrnustjóri  
Liverpool

## Trent Alexander-Arnold

Er fæddur þann 7. október árið 1998 í West Derby hverfinu í Liverpool, spottakorn frá Melwood-æfingarsvæðinu. Hann gekk í raðir félagsins þegar hann var aðeins sex ára. Hann hefur spilað níu leiki á tímabilinu og markið gegn Chelsea var það fyrsta sem hann gerir á þessu tímabili.

●● Fimmtán sigrar sýnir hvornig lið við erum. Við höfum unnið alls konar leiki á þessari vegferð. Átján stig af átján mögulegum er mjög gott og vonandi getum við haldið áfram þessu góða gengi.

**Trent Alexander-Arnold**



# SEGJUM NEI

VIÐ ÓÞARFA OG JÁ VIÐ  
ÞVÍ SEM SKIPTIR MÁLI



HÚÐOFNÆMI,  
**NEI TAKK**



# Neutral<sup>®</sup>

HÚÐOFNÆMI, NEI TAKK



# Magnað hjá KR á Meistaravöllum

KR fékk Íslandsmeistarabikarinn afhentan í gær eftir sigur á FH. Tímabilið hefur verið lyginni líkast fyrir stuðningsmenn KR sem hafa geta brosað ansi lengi.

**FÓTBOLTI** Óskar Örn Hauksson lyfti Íslandsbikarinn fyrir KR og gleðin var ósvikin. Frá því síðasta tímabil kláraðist hefur KR gert ótrúlega hluti.

Þetta byrjaði strax á undirbúningstímabilinu þar sem liðið vann Bose-mótið eftir sigur á Breiðabliki í vítaspyrnukeppni. Thedór Elmar Bjarnason var þá að íhuga að koma heim og taka slaginn og spilaði úrslitaleikinn. Reykjavíkurmótið var einnig tekið með gullverðlaun um hálsinn.

Liðið vann svo Lengjubikarinn eftir sigur á ÍA og þó að flestir spáðu fráfarandi Íslandsmeisturum Vals titlinum var ljóst að eitt-hvað var að gerast í Vesturbænum undir stjórn Rúnars Kristinssonar.

Mótið hófst reyndar ekkert ofboðslega spes fyrir KR og var liðið í fjórða sæti eftir fimm leiki með tvo sigurleiki, tvö jafntefli og eitt tap.

Í áttundu umferð fór KR upp á Akranes og vann þar spútniklið ÍA 1-3 og skellti sér á topp deildarinnar þar sem það hefur verið síðan.

Varnarleikur KR hefur verið til fyrirmyndar og liðið hefur aðeins fengið á sig 22 mörk. Séu varnarmenn liðsins skoðaðir þá má þar finna markvörðinn Beiti Ólafsson sem var nánast hættur í fótbolta. Hægri bakvörður hefur verið Kenny Chopart sem er þekktari fyrir sóknarleik en varnarleik en Daninn hefur sprungið út í nýrri stöðu. Kristinn Jónsson hefur verið vinstri bakvörður og er einn af mönnum mótsins. Frá því Kristinn snéri heim úr atvinnu-mennsku hefur hann lítið sýnt í búningi KR en í sumar hefur hann blómstrað svo eftir hefur verið tekið.

Miðverðirnir eru annars vegar Finnur Tómasson og hins vegar Arnór Sveinn Aðalsteinsson. Finnur hefur komið eins og storm-



KR-ingar hafa verið magnaðir í allt sumar og eru verðskuldaðir sigurvegarar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Óskar Örn Hauksson klappar fyrir stuðningsmönnum KR.



Björgvin Stefánsson og Rúnar Kristinsson á góðri stundu.



Ein af stjórnum KR í sumar, Arnór Sveinn, smellir kossi á bikarinn.

sveipur inn í íslenskan fótbolta og margir vilja meina að Arnór sé einn af mikilvægustu mönnum KR. Hann er jú ekki vanur að spila miðvörð, er með ungling sér við hlið og óreyndan Dana hægra megin við sig.

Lykilmenn hafa sloppið við meidsli og þannig hafa Óskar Örn, Pálmi Rafn, Tobias Thomsen og Pablo Punyed spilað nánast hverja mínútu. Þegar svo meidslin bönkuðu á dyrnar komu aðrir inn í liðið svo áfallið varð minna. Arnþór Ingi varð á skömmum tíma einn mikilvægasti leikmaður liðsins og þegar hann meiddist út tímabilið var búist við að KR myndi taka smá dýfu. Það gerðist þó ekki.

KR er vel að titlinum komið. Liðið spilaði heilsteyptasta boltann í sumar og náði í úrslit sem skiptu máli. Rúnar Kristinsson hefur verið frábær á hliðarlínunni og varla stigið feilspor. Í viðtölum eftir að titillinn kom í hús er ljóst að þjálfarateymið vann vel saman og náði vel til leikmanna. Það skiladís sér í að Óskar Örn fékk bikarinn afhentan í gær.

benediktboas@frettabladid.is

**3** mörk hefur KR skorað á 55. mínútu.

**4** vítaspyrnur hefur KR fengið í sumar og skorað úr þeim öllum.

**37** gul spjöld hefur KR fengið.

**2** rauð spjöld hefur liðið fengið í sumar.

**308** leiki hefur Óskar Örn Hauksson spilað í efstu deild. Hann sló einnig markamet í Ellerts B. Schram í sumar og er orðinn markahæsti KR-ingurinn.

**4** tapleikir í sumar hjá KR. Fyrir Grindavík og HK í deildinni, FH í bikarinn og Molde í Evrópukeppninni.

**9** sinnum í sumar vann KR eins marks sigur, þar af fjórum sinnum 1-0.

**49** stig eru komin í hús og getur KR jafnað stigametið í 12 liða deild, 52 stig, sem KR sjálft og Stjarnan eiga.

## Valskonur handhafar allra Íslandsmeistaratitla í kvennaflokki

**FÓTBOLTI** Valskonur urðu um helgina Íslandsmeistarar í fótbolta eftir 3-2 sigur á Keflavík í lokaumferð Pepsi Max-deildar kvenna. Valur er þar með Íslandsmeistari kvenna í öllum stóru boltaþróttunum, körfu-, hand- og fótbolta.

Þetta er í fyrsta sinn sem eitt félag er handhafi Íslandsmeistaratitla í stærstu þremur boltageirunum á Ísland, og á það bæði við um karla- og kvennaflokk. Fyrr á árinu varð Valur Íslands-, bikar- og deildarmeistari bæði í Domino's-deild kvenna í körfubolta og Olis-deild kvenna í handbolta.

Ásgerður Stefanía Baldursdóttir sem stóð vaktina á miðjunni hjá Val segir að sér hafi verið tekið vel frá fyrstu mínútu en hún kom í félagið fyrir tímabilið eftir að hafa fengið þau skilaboð að hennar krafta væri ekki óskað hjá Stjórnunni, þar sem hún hafði verið síðan 2005.

„Ég vissi að þegar ég kæmi í Val þá yrði ég mikill Valsari. Ég er mikil félagsmennskja og er mikið hér á Hlíðarenda og held mikið með Val í dag. Ég er búin með tímum minn sem Stjórnunarmennskja og það er alltaf erfitt að kveðja klúbbinn sem maður var lengi í og viðskilnaðurinn var leiðinlegur þannig þetta er extra sætt,“ segir hún.



Margrét Lára og Dóra María Lárusdóttir rífa upp Íslandsmeistarabikarinn en níu ár eru síðan Valur vann síðast.

Margrét Lára Viðarsdóttir, markahæsta landsliðskona frá upphafi, kom aftur í Val fyrir fjórum árum úr atvinnu-mennskunni. Hún segir titillinn vera sérstakan í ljósi sögunnar.

„Baklandið er sterkt og gott. Við erum með gott teymi í kringum okkur og allir hjálpað að og róa í sömu átt. Svo fáum við kveðjur og hvatningu frá handbolta- og körfuboltastelpunum og ég veit hrein-

lega ekki hvaða félag ætlar að toppa þennan árangur. Að vera með þrjú lið sem Íslandsmeistara á sama árinu... Þetta er bara Valur. Þetta er lýsandi dæmi fyrir þetta félag,“ segir hún.



Valskonur töpuðu ekki leik á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Valur endaði tímabilið án þess að tapa leik og segir Margrét Lára að hún sé ákaflega stolt af þeim árangri. „Á stundum sem þessari finnst mér við hæfi að líta til baka og við erum búnar að vera frábærar í sumar. Við höfum ekki tapað leik og öruggar í okkar aðgerðum.

Ég er ótrúlega stolt af þessu liði, þessum hóp og ungu stelpunum sem hafa stigið þvilíkt upp. Elin Metta hefur blómstrað í sumar og einhvern veginn hafa ótrúlega margar sprungið út.“ – bb



+PLÚS



## Bikarar á loft

Bikarar fóru á loft á Hlíðarenda og Meistaravöllum um helgina. Valskonur urðu Íslandsmeistarar í knattspyrnu þegar liðið vann Keflavík í lokaleik sínum í Pepsi Max-deild kvenna. Þar með eru Valskonur handhafar allra stóru boltaiþróttanna. eru þær Íslands-, bikar- og deildarmeistarar í bæði Domino's-deild kvenna í körfubolta og Olis-deild kvenna í handbolta.

KR fékk afhentan Íslandsmeistarabikarinn eftir sigur á FH í gær. Er þetta 28. titill KR. Eins og sjá má á myndum Antons Brink ljósmyndara ríkti mikil gleði þegar bikararnir fóru á loft.





# LEO

MÁNUDAGUR 23. SEPTEMBER 2019

Lífsstíll



## Er algjör langamma í hjarta mínu

Hlédís Maren Guðmundsdóttir er 26 ára nemi í félagsfræði við Háskóla Íslands. Hún vinnur í tiskuvöruversluninni Geysi samhliða náminu, safnar bókum og hefur áhuga á öllu milli himins og jarðar. →2

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

EKKI  
MISSA  
AF ÞESSU!

ÚTSALA Á HJÓLUM OG HJÓLAVÖRUM

**25-45%**

AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM



FAXAFENI 7 • SÍMI 5 200 200 • GAP.IS

**GAP**



Hjördís Erna Þorgeirsdóttir  
hjordiserana@frettabladid.is



Ég er að læra félagsfræði við Háskóla Íslands og hef brennandi áhuga á öllu sem viðkemur henni," segir Hlédís. „Ég hef alltaf horft greinandi augum á samfélagið og námið fellur mjög vel að því, ásamt því að vera skemmtilega fjölbreytt og frjálst.“ Þá finnst henni fátt skemmtilegra en að lesa. „Ég er forfallinn bókasafnari og les mjög mikið í mínum frítíma," segir hún. „Ég hef einnig mjög mikinn áhuga á eldamennsku, innanhússhönnun, fötum og öðrum fallegum hlutum.“

Hlédís starfar hjá íslenska tiskufyrirtækinu Geysi samhliða náminu. Hún hefur mikinn áhuga á tisku en segir samband sitt við fyrirbærið þó flókið og lítur hún gagnrýnum augum á það, hvort sem það er tengt framleiðslunni sjálfri eða óskrifuðum reglum um hvað megi eða megi ekki. „Ég er almennt mótfallin reglum þegar það kemur að klæðaburði og ég get ekki horft fram hjá því margþætta tjóni sem heimurinn ber af eltingarleikjum við ópersónulega skynditísku og trend," segir Hlédís hugsi.

### Siðferðislegt uppgjör við skynditísku

Hlédís segir að það geti verið erfitt að réttlæta tiskuáhugann, í ljósi skaðsemi iðnaðarins. „Ég á oft erfitt með að gera upp við sjálfa mig siðferðislegan kostnað efnishyggu og neysluhyggju, sem þetta tiskuvefen að sjálfsögðu er.“

Hún tók því ákvörðun um að sniðganga þau fyrirtæki sem valda mestum skaða. „Hluti af mínu siðferðislega uppgjöri hefur verið að hætta að versla við skynditískufyrirtæki sem hámarka gróða sinn með gríðarlegu arðrání, mannréttindabrotunum og umhverfisspjöllum. Neytendur geta haft áhrif á stefnu slíkra fyrirtækja með því að taka afstöðu gegn hlutum sem takmarka lífsskilyrði mannkyns og jarðar.“

Þó að Hlédís telji mörgu ábótavant í heimi tiskunnar hefur hún engu að síður mikla ánægju af því að safna og skreyta sig fallegum hlutum. „Þrátt fyrir það hef ég hef alltaf haft mikla þörf fyrir að umkringja mig fallegum hlutum og ekki þá síst fötum.“

### Samfélagið fljótt að dæma

Gagnrýnin augu félagsfræðinemans eru þó aldrei langt undan og þykir Hlédísi þannig áhuga-vert að sjá hvernig fólk bregst við klæðnaði annarra og myndar sér skoðanir á viðkomandi, eingöngu



Hlédís velur gæði umfram magn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Ef það er rangt að klæða sig eins og Elle Woods þá einfaldlega vil ég ekki hafa rétt fyrir mér.“

ú frá yfirborðinu. „Svo er líka gaman að sjá hvernig samfélagið tekur manni á ólíkan hátt eftir því hvernig maður er klæddur," segir hún. „Ég fann það til dæmis mjög sterklega þegar ég mætti í bleikum Juicy Couture galla í skólann.“

Hún telur að konur séu ekki síst oft harðlega dæmdar vegna klæðaburðar og að margir virðist líta svo á að það sem litid er á sem „kven-

legt“ sé merki um að viðkomandi sé ekki miklum gáfum gæddur. „Það er ótrúlegt hvað fólk tengir vitsmunagetu fólks, sérstaklega kvenna, við klæðaburð.“

Skvísumenning og hið ofurkvenlega er oft álitid annars flokks og það getur verið áhugavert að stokka upp í því," útskýrir hún. „Það getur þó haft það í för með sér að fólk vanmeti mann, en ef það er rangt að klæða sig eins og Elle Woods þá einfaldlega vil ég ekki hafa rétt fyrir mér," segir Hlédís glettin en Elle Woods, eins og ýmsir vita, var aðalpersónan í kvikmyndinni Legally Blonde, leikin af Reese Witherspoon.

### Búningaleikir í barnæsku

Hlédís hefur haft áhuga á fötum frá því að hún man eftir sér. „Frá því að ég var barn hef ég haft mjög gaman af búningaleikjum og sé fatastíllinn minn í dag sem áframhald af því. Það er kannski þess vegna sem ég kaup þá mikið af ópraktískum flíkum og raun ber vitni," segir hún.

Hlédís byrjaði snemma að fylgja með tiskuheiminum. „Áhugi á tisku sem slíki byrjaði svo einhvern tíma í kringum fimmtán ára aldurinn. Ég byrjaði að lesa mikið af tiskutímaritum á þessum tíma en það var í raun og veru það eina sem var í boði.“

Áður fyrr voru bara örfáar hræður sem réðu straumum og stefnum. „Tiskuiðnaðurinn var mjög rótgróinn og stofnanavæddur á þessum tíma og takmarkaðist í raun við skoðanir mjög fámennra hópa úti í heimi.“

### Lýðræðisvæðing tiskunnar

Hún segir margt hafa breyst með tilkomu samfélagsmiðla. Tiskan sé nú orðin aðgengilegri. „Samfélagsmiðlar á borð við Instagram hafa stuðlað að ótrúlegri lýðræðisvæðingu á sviði tisku og lista.



Hlédís sækir innblástur víða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

í raun til þess að þróa með mér sterkan persónulegan stíl sem var ekki endilega alltaf háður lögmálum tiskunnar. Hann var stundum frekar slæmur, en ég hafði allavega gaman af þessu.“

### Sibreytilegur stíll

Þegar Hlédís er spurð hvernig hún myndi lýsa stílnum sínum segir hún hann mismunandi. „Stíllinn minn er frekar fjölbreytilegur frá degi til dags. Þessa dagana hef ég verið að flökta mikið á milli „chic“ ömmustíls og neutral mínimalisma, eða bara eitthvað allt annað og frekar skritið.“

„Einn daginn get ég verið hefðarfrú í silki og perlum og næsta dag klætt mig í síðerma bol með mynd af Marilyn Manson á klósettinu. Almennt reyni ég bara að hafa gaman af þessu og taka sjálfa mig ekki of alvarlega í þessum búningaleik sjálfsins, eða hvað maður á að kalla það," segir Hlédís, létt í bragði.

Hún fær innblástur víða. „Ég sæk mikið innblástur í dægurmenningu uppvaxtaráranna, rokkmenningu frá ólíkum tímabilum, minningar, nostalgiu og menningarlegt umhverfi mitt.“

### Gæði umfram magn

Hlédís segist leggja mikla áherslu á að fjárfesta í vönduðu vörum, ef hún geri það á annað borð. „Ég veit ekki hvort það sé meiri veikleiki eða styrkleiki en ég hef alltaf bara viljað það besta af öllu, að öðrum kosti vil ég frekar ekkert.“

Þá sækir hún í náttúruleg efni og notaðar gæðavörur. „Ég er mikill tiskufíkill, en kaupi mér nánast eingöngu vintage designer tiskur. Ég vil helst vera í náttúrulegum efnum og vel fót oftast með það sjónarmið í huga. Upp á síðkastið hef ég sankað að mér miklu af silkiflíkum, sérstaklega skyrturnum og slæðum (viðbrögð Daisy Buchanan úr The Great Gatsby við silkiskyrturnum eru mér oft hugstæð, en ég er kannski ekki alveg á sama stigi og hún).“

### Hjartahálsmen í prófalestri

Hlédís segir sama eiga við um skart og fylgihluti. „Ef þetta er ekki almennilegt þá sleppi ég því frekar. Helst geng ég með perlu eða silkislaður þessa dagana, því ég er í hjarta mínu bara algjör langamma.“

Hún segir hálsmen sem hún keypti síðasta vetur vera í miklu uppáhaldi. „Ég held einnig mikið upp á Tiffany & Co. hjartahálsmenið sem ég keypti eftir þrjú rauðvinsglós og Legally Blonde í prófalestri síðasta vetur.“

Þá er hún sérstaklega hrifin af danska hönnuðinum Stine Goya. „Ég er mjög hrifin af nýjustu línu Stine Goya, en hún er ótrúlega klassísk og afturhverf og vekur í mér mjög sterkar nostalgíutílfínningar frá sumri þegar ég var 17 ára í Bandaríkjunum og hlustaði allt of mikið á the Zombies, Kinks og Stranglers.“

### Heimspékilegar vangaveltur

Hlédís telur að áhugi mannsins á fatnaði og klæðaburði sé margþættur og sprottinn frá bæði sköpunarhugtökum og sjálfsmýndinni.

„Ég hallast að þeirri viðleitni að sjálfid sé sköpun mannlegs hugvits og að klæðaburður sé leið til að gera sjálfssköpun og sjálfsskoðun sína að hlutlægum veruleika," segir hún. „Mér finnst allavega mjög áhugavert að hugsa um það á þann hátt.“

Hlédís segir tiskuna takmarkalausa þegar kemur að tjáningu. „Mér finnst gaman að geta verið milljón ólíkar og mótsagnakenndar útgáfur af sjálfri mér.“



Hlédís er mótfallin öllum reglum um klæðaburð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þessi fyrirbæri hafa breyst mikið síðan ég var unglingur og munu án nokkurs efa halda áfram að gera það.“

Þá hefur líka margt breyst hvað varðar kauphegðun. „Verslunarleiðirnar eru einnig mjög breyttar. Á þessum árum hafði ég kannski einhverjar hugmyndir um það hvernig ég vildi klæðast en hafði ekki hugmynd um það hvernig ég gæti nálgast það.“

Ég átti líka aldrei neinn pening svo ég þurfti að finna alls kyns krókaleiðir til að klæða mig eins og ég vildi. Þannig byrjaði ég að kaupa mikið vintage og neyddist

## LEIÐSÖGUNÁM

### VIÐURKENNT STARFSNÁM Í ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynna Ísland í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem vilja læra leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

#### Flest stéttarfélag styrkja nemendur til náms.

#### Námið:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samskipti, leiðsögunámið, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðabjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þálfanir leiðsögumenn og sérfræðingar á sínu sviði.

Boðið er upp á dag eða kvöldnám auk þess sem farið verður í fjölda vettvangsferða.

Umsögn: „Fyrir nokkrum árum stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum mínum. Fjölmargir kennarar komu að kennslunni sem áttu auðvelt með að ná til mín, auka áhuga minn á náms-efninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er. Auk þess hvöttu þeir okkur til að virða landið okkar. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila.“

Námið gefur mikla atvinnuöguleika og það eru spennandi tímar framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir

**Ferðamálastólaskóli Íslands**  
The Icelandic School of Travel and Tourism

OPID  
8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Sólumenn: Amar Magnússon, amarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@torg.ehf | Kristín Þorsteinsdóttir@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserana@frettabladid.is, s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768



# Loftæstikerfi og hitastýringar

MÁNUDAGUR 23. SEPTEMBER 2019

Kynningar: Loftstokkahreinsun, Hitatækni, Rafstjórn, Ingeto, Rými



Sigurður Jónsson þjónustufulltrúi og Magnús Ásmundsson verkstjóri segja að markmið þeirra sé að það sé gott andrúmsloft í hverju einasta rými. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Loftstokkahreinsunin K2 hreinsar andrúmsloftið

Það er nauðsynlegt að sinna viðhaldi og þrifum á loftræstikerfum til að þau verði ekki heilsuspillandi. Loftstokkahreinsunin K2 getur hreinsað allar gerðir loftræstikerfa fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir fljótt og örugglega og notar umhverfisvæn efni í verkið. ➔2



Lofstokkahreinsunin K2 sérhæfir sig í hreinsun á lofstokkum, loftræstikerfum og eldhúsháfum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Fyrirtækið var stofnað árið 1999 og hefur síðan þá byggt upp mjög gott orðspor innan iðnaðarins.

„Stór hluti verkefna okkar kemur vegna meðmæla frá viðskiptavinum og endurtekkinna viðskipta og við erum staðráðin í að veita fyrsta flokks þjónustu á samkeppnishæfu verði,“ segir Magnús Ásmundsson, verkstjóri hjá K2. „Súrefni er manningu lífsnauðsynlegt og okkar markmið er að það sé gott andrúmsloft í hverju einasta rými.“

Lofstokkahreinsunin K2 er auk þess í nánú samstarfi við ýmis fyrirtæki sem hafa yfir að ráða viðamikilli sérþekkingu á ýmsum sviðum loftræstikerfa,“ segir Magnús. „Með þessu samstarfi getum við tryggt viðskiptamönnum okkar ýmsa sértæka þjónustu sem hluta af heildarlausn, sé þess óskað.“

### Mikilvægt að hreinsa loftræstikerfi

„Eins hagnýtt og loftræstikerfi getur verið, hvort sem það er á vinnustað, heima eða annars staðar, þá getur það hæglega breyst yfir í andstæðu sína ef ekki er hugað að reglulegu eftirliti og þrífum á kerfinu,“ segir Magnús.

Þurr loft og yfir- eða undirþrýstingur getur haft viðtæk áhrif á líðan starfsmanna og viðskiptavina,“ segir Magnús. „Með því að hreinsa reglulega og hafa eftirlit með loftræstingu má koma í veg fyrir að slíkt gerist og í mörgum tilfellum auka afköst og fækka veikindadögum starfsmanna.“

Viðskiptavinir okkar segja að eftir hreinsun finnist mikill munur, loftið sé miklu betra og það sé mun meiri kraftur í loftræstikerfinu,“ segir Magnús.

### Nauðsynlegt viðhald fyrir fjölbýlishús

„Það er eðlilegt að gera úttekt á loftræstikerfi fjölbýlishúsa og hreinsa það á 3-5 ára fresti og við höfum séð um hreinsun á lofstokkum og loftræstikerfum fjölda fjölbýlishúsa,“ segir Magnús. „Hreinsun fer þá fram uppi á millilofti eða þar sem blásarinn er staðsettur.“

Um leið er farið inn í hverja íbúð þar sem allar ristur eru teknar niður, lagnir hreinsaðar og ef þess er óskað þá er loftræsting sötthreinsuð með umhverfisvænu sötthreinsiefni,“ segir Magnús.

„Við sötthreinsunina myndast polymer-húð innan á vegg loftræstikerfisins sem heldur örverum, bakteríum og öðrum óþrífnaði í burtu.“

Það er lítið ónæði fyrir íbúa hússins við svona hreinsun og yfirleitt tekur það ekki meira en 10-15 mínútur að klára hverja íbúð eftir að búð er að hreinsa lagnir og blásara frá þaki,“ segir Magnús. „Fólk finnur gífurlegan mun á loftinu eftir að það er búð að hreinsa lofstokkana.“

Húsfélagið í Engihjalla 7 í Kópavogi segir að hreinsunin þar hafi skilað miklu. „Fólkið í blokkinni okkar er mjög ánægt og við finnum merkjanlegan mun á loftinu í íbúðunum,“ segir í umsögn félagsins. „Þetta var greinilega mjög tímabært verk og starfsfólk K2 vann það fljótt og örugglega.“

### Hefur þú hreinsað háfinn nýlega?


„Lofstokkahreinsunin K2 býður upp á það besta sem völ er á í dag í alhliða hreinsun á eldhúsháfum á heimilum og veitingastöðum,“ segir Magnús. „Það er nauðsynlegt er að gera reglulega úttekt á eldhúsháfum og hreinsa þá einu sinni eða oftár á ári.“




Hér sést hvernig mikil óhreinindi hafa tekið sér bólfestu í lofstokki sem var tengdur eldhúsi. Ef þetta er ekki þrifið getur þetta verið heilsuspillandi.



K2 býður upp á það besta sem völ er á í dag í alhliða hreinsun á lofstokkum og loftræstikerfum. Eftir hreinsun lítur stokkurinn út eins og nýr.



Það er nauðsynlegt að þrifa eldhúsháfa reglulega.



Svona lítur háfurinn svo út eftir hreinsunina.



Hér sjást óhreinindi í loftræstikerfi fjölbýlishúss.



Það er hægt að anda léttar eftir að K2 kláraði verkið.

### Regluleg hreinsun eldhúsháfa stuðlar að:

- Minni eldhættu
- Kröftugra útsogi
- Lengri líftíma blásara
- Rafmagnssparnaði
- Þægilegra vinnuumhverfi heimilismanna og starfsmanna

Eftir fyrstu hreinsun bjóðum við líka upp á að koma og meta ástand á loftræstingu frá eldhúsi á nokkurra mánaða fresti, til að sjá hvað þarf að liða langt á milli hreinsana,“ segir Magnús. „Það er ekkert rúkað fyrir þá þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.“

Okkar stefna er að vera ávallt með bestu fánlegu efni, tæki og búnað,“ segir Magnús. „Allir okkar starfsmenn hafa sérhæft sig í þeirri þjónustu sem við veitum, hvar á landinu sem er, og ekkert verkefni er of stórt eða of smátt fyrir okkur.“

Lofstokkahreinsunin K2 er með skrifstofur bæði í Reykjavík og á Reykjanesinu. Síminn er 557-7000 og vaktsími er 775-7770. Það er hægt að senda tölvupóst á k2@k2.is og heimasíðan er www.k2.is.



# Fasteignablaðið

38. TBL. MÁNUDAGUR 23. SEPTEMBER 2019

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



Sigurður Samúelsson  
Lögg. fast. og eigandi



Þórir Þorsteinsson  
Sölustjóri og eigandi



Þórey Ólafsdóttir  
Lögg. fast. og eigandi



Andri Sigurðsson  
Lögg. fast. og eigandi



Sveinn Eydal  
Lögg. fast. og eigandi



Ása Páll Ragnarsdóttir  
Skjalavinnsla/móttaka



Nadía Katrín Banime  
Löggiltur fast.



Ingibjörg A. Jónsdóttir  
Löggiltur fast.




Egert Maríusson  
Löggiltur fast.



Helga Snorraddóttir  
Skrifstofa/skjalavinnsla



Guðrún D. Lóvíksdóttir  
Löggiltur fast.



Ásdís Réa Ásgeirsdóttir  
Löggiltur fast.



Sigrí Fannar  
Löggiltur fast.

[www.landmark.is](http://www.landmark.is)

... leiðir þig heim!



Hlíðasmára 2 201 Kópavogi Sími 512 4900



ERT ÞÚ Í SÖLUHUGGLEIÐINGUM?  
Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti



Elín Viðarsdóttir  
Löggiltur fasteignasali



Björn Þorri Viktorsson hrl.  
Löggiltur fasteigna- og skipasali



Sólveig Friða Guðrúnardóttir  
Nemi til löggildingar í fasteigna-  
sölu og lögræðingur.

MIDBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800

[www.midborg.is](http://www.midborg.is)



Háholt 14, Mosfellsbær

- Sími: 588 5530
- [berg@berg.is](mailto:berg@berg.is) - [www.berg.is](http://www.berg.is)
- GSM 897 0047

Pétur Pétursson  
lögg. fasteignasali  
[petur@berg.is](mailto:petur@berg.is)

## Glæsilegt í Garðabæ

Fasteignamarkaðurinn ehf. s: 570-4500 kynnir til sölu virkilega glæsilegt, vandað, bjart og vel skipulagt 239,3 fermetra einbýlishús með innbyggðum tvöföldum flísalögðum bílskúr á frábærum rólegum stað við opið svæði í Brúnási í Garðabæ.

Verulega aukin lofthæð er í stórum hluta hússins, gólf-síðir gluggar upp í loft í stofum og eldhúsi, fallegur gasarinn, tvö nýendurnýjað og vönduð baðherbergi og stór flísalagður bílskúr. Mögulegt er að hafa 5 svefnherbergi í húsinu með því að breyta forstofuherbergi í tvö herbergi, líkt og teikningar hússins gera ráð fyrir og loka af vinnuádstöðu á efri palli, sem er með útgengi í þakgarð.

Lóðin er virkilega falleg með hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan húsið með hitalögnum undir og fallegum og skjólsælum hellulögðum og víðarveröndum til suðurs út af stofum, eldhúsi og hjónaherbergi. Staðsetning eignarinnar er virkilega góð á grónum og rólegum stað við opið svæði.

Eldhúsið er bjart með gólf-síðum gluggum og rennihurðum út á víðarverönd til suðurs. Í eldhúsi eru fallegar sérsníðaðar hvítar innréttingar með quartz á borðum, nýrri uppþvottavél og innbyggðum ísskáp og frysti. Áföst



Fallegt hús við Brúnás í Garðabæ er til sölu.

borðaaðstaða er á eyju í eldhúsi. Samliggjandi stofur, parketlagðar, bjartar og stórar með mjög mikilli lofthæð, föstum innréttingum og gluggum frá gólfi og upp í loft. Úr stofu er gengið út á virkilega fallega og skjólsæla lóð til suðurs með fallegum afgirtum veröndum, tyrföri flöt og fallegum gróðri.

Hjónaherbergi er mjög stórt með fataherbergi og útgengi á verönd til suðurs. Baðherbergi er þar inn af hjónaherbergi sem er allt nýendurnýjað og með gluggum. Flísalagt gólf og veggir, innrétting með marmara á borði, spegla-

skápar á vegg og stór flísalögð sturta með sturtugleri. Annað baðherbergi er með baðkari sem er fellt ofan í gólf.

Bílskúrin er flísalagður með góðri lofthæð og með gluggum, innréttingum, rafmótor á bílskúrs-hurð, rennandi heitu og köldu vatni og útgengi á lóð.

Eignin verður sýnd samkvæmt tímapiöntunum, hjá Guðmundi Th. Jónssyni lögg. fasteignasala, sími 570 4500 eða netfangið [fastmark@fastmark.is](mailto:fastmark@fastmark.is)



Búseturéttir til sölu



### Kjóaland 5

Til sölu er búseturéttur í vel með farinni og snyrtilegri eign að Kjóalandi 5, 250 Garði. Eignin er í parhúsi og er 5 herbergja, íbúðin er 105,1 fm og bílskúr 34,8 fm að stærð, samtals 139,9 fm.

Í bílskúr er herbergi og geymsloft yfir hluta og er búið að setja epoxy á gólfinn þar. Bílastæði eru hellulögð og hefur verið stækkað og rúmar vel þrjú bíla. Falleg lóð er við eignina og verönd sem snýr í suður. Þá er þar nýlegt 8,5 fm garðhýsi og er hellulagt frá verönd að því.

Ásett verð búseturéttarins er kr. 16.000.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1. september, er kr. 229.000,-. Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, tryggingar, viðhaldssjóður og þjónustugjald.

Þeir sem hafa áhuga á að skoða eignina og/eða gera tilboð í búseturéttinn, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Búmannna í síma 552-5644 eða í gegnum netfangið [bumenn@bumenn.is](mailto:bumann@bumenn.is)

Tilboðsfrestur rennur út þann 4. október, kl.12.00



Stofnað 1988






Aron Freyr Eiríksson  
Lögg. fast.  
Sími 772-7376

Ás fasteignasala er rötgróið fyrirtæki sem hefur veitt alla almenna þjónustu í fasteignaviðskiptum frá árinu 1988.



EINBÝLI



### LAUS STRAX

Mikið endurnýjað 2ja herbergja 58,8 fm einbýli á baklóð við Fálkagötu 28B í Reykjavík. Verð 44,9 millj.

Nánari upplýsingar veitir Aron Freyr Eiríksson löggiltur fasteignasali og leigumiðlari í s: 772-7376 eða [aron@as.is](mailto:aron@as.is)

Fjarðargötu 17 // 220 Hafnarfirði // Sími 520 2600 // [as@as.is](mailto:as@as.is)





**STAKFELL**  
FASTEIGNASALA | 1984

**535-1000**  
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK



**FÉLAG FASTEIGNASALA**  
Þorlákur Ómar Einarsson  
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**  
Frákvæmdastjóri  
Löggiltur fasteignasali  
GSM 820 2399



**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON**  
Sölustjóri. Hdl.  
Löggiltur fasteignasali  
GSM 895 2049



**SARA MARÍA KARLSDÓTTIR**  
Fjármálastjóri  
GSM 697 5524



**ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR**  
Lögfræðingur  
Löggiltur fasteignasali  
GSM 692 0149



**MATTHILDUR S. ÞORLÁKSSDÓTTIR**  
Lögfræðingur  
Löggiltur fasteignasali  
GSM 690 4966



**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON**  
MBA Rekstrarhagfræðingur  
Löggiltur fasteignasali  
GSM 663 2508



**KJARTAN ÍSAK GUÐMUNDSSON**  
B.Sc. Viðskiptafræðingur  
Nemi til lögg. fast.  
GSM 663 4392

**HOLTSVEGUR 23-25, 210 GBR**

**53.5M**



**MATTHILDUR / KJARTAN**

3ja herbergja íbúð á 4 hæð í nýlegu lyftuhúsið ásamt stæði í bílagæmslu. Íbúðin skiptist í anddyri, hol/stofu, eldhús, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Íbúðin er laus til afhendingar.

**BRÍETARTÚN 11, 105 RVK**

**55.9M**



**MATTHILDUR / KJARTAN**

LAUS TIL AFHENDINGAR - Tveggja herbergja, 78,5 fm. íbúð á tveimur hæðum. Inngangur á báðum hæðum. Lofthæð er um 6 metrar. Gólfhliti í íbúð og suður svalir. Þvottaaðstaða innan íbúðar.

**BRÍETARTÚN 9-11, 105 RVK**

**LEIGU**



**MATTHILDUR / KJARTAN**

Húsnæði til leigu í nýbyggingu á Höfðatorgi. Góð og sýnileg leigurymi á jarðhæð á þessum frábæra stað í hjarta borgarinnar. Bílakjallari og afbragðs almenningssamgöngur.

**BRÍETARTÚN 9, 105 RVK**

**99.9M**

**SÝNUM ALLA DAGA**



**MATTHILDUR / KJARTAN**

Fjögurra herbergja, 136,1 fm. íbúð með tveimur baðherbergjum, þar af er hjónasvita með baðherbergi og fataherbergi. Gólfhliti í íbúð og 22 fm. þaksvallir til suðurs, vesturs og austurs með möguleika á svalalokun.

**BRÍETARTÚN 9, 105 RVK**

**95.9M**

**SÝNUM ALLA DAGA**



**MATTHILDUR / KJARTAN**

Þriggja herbergja, 121,9 fm. íbúð með tveimur baðherbergjum, þar af er hjónasvita með baðherbergi og fataherbergi. Gólfhliti í íbúð og svalalokun á norðvestur svölum. Þvottaaðstaða innan íbúðar.

**BRÍETARTÚN 11, 105 RVK**

**94.9M**

**EFSTA HÆÐ - LAUS VIÐ KAUPSAMNING**



**MATTHILDUR / KJARTAN**

Fjögurra herb., 131,3 fm. íbúð á 7. hæð með tveimur baðherbergjum, þar af er hjónasvita með baðherbergi og fataherbergi. Gólfhliti í íbúð og svalalokun á suðvestur svölum. Þvottaaðstaða innan íbúðar.

**HOFVALLAGATA 49, 101 RVK**

**79.9M**



**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON 663 2508**

166,5 fermetra parhús við Hofsvallagötu, í hjarta Vesturbæjarinnar rétt hjá Vesturbæjarlaug, Melabúðinni og Kaffi Vest. Stutt á KR-völlinn, Melaskóli og Hagaskóli í göngufæri. Bókið skoðun.

**VESTURBERG 195, 111 RVK**

**57.9M**



**MATTHILDUR SUNNA 690 4966**

152 fm. endaraðhús, sem afhendist fullbúið að utan með klæðningu. Að innan skv. samkomulagi. Möguleiki á um 39,0 fm. aukaíbúð með sér inngangi á jarðhæð. Húsið er til afhendingar fljótlega.

**HJALTABAKKI 14, 109 RVK**

**36.9M**



**MATTHILDUR SUNNA 690 4966**

Fjögurra herbergja, 105,1 fm. íbúð á annarri hæð. Finar svalir í suður. Geymsla í sameign.

**TANGABRYGGJA 13, 110 RVK**

**64.8M**



**MATTHILDUR SUNNA 690 4966**

AFHENDING VIÐ KAUPSAMNING - 139,9 fm. íbúð á 5. hæð með stæði í upphituðum bílakjallara. Íbúðin afhendist fullbúin við kaupsamning, með gólfefnum á öllum rýmum.

**FÁLKAGATA 26, 107 RVK**

**31.9M**



**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON 663 2508**

43,6 fm. 2ja herb. íbúð með sér inngang. Laus við kaupsamning. Frábær staðsetning við Háskólann.

**GRENIMELUR 8, 107 RVK**

**83.9M**



**KJARTAN ÍSAK 663 4392**

Einstaklega falleg efri sérhæð ásamt bílskúr, samtals, 140fm í hjarta Vesturbæjar Reykjavíkur. Þjartar samliggjandi stofur sem skarta sérlega fallegum arni og stórum suðurgluggum.

**GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI**



# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn sölubóknun.



**FASTEIGNA  
MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

**Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI**



Jón Guðmundsson  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson  
hdl. og lögg. fasteignasali  
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson  
Lögg. fasteignasali  
magnus@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

Bjarkarholt 8-20 - Mosfellsbæ - Nýjar íbúðir fyrir 50 ára og eldri - Íbúðirnar eru frá 2ja herbergja upp í glæsilegar þakíbúðir. - Leitið upplýsinga á skrifstofu.

## Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.



- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum. Stærðir frá 58-254 fm.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklaðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgölf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loft-ræsting skapa góða hljóðvist. Gólfisíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkt dansk arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á [www.105midborg.is](http://www.105midborg.is)

## Íbúðahótel á frábærum stað í miðborginni.



- Til sölu íbúðahótel við Grettisgötu. Um er að ræða 5 samþykktar íbúðir auk einnar ósamþykktar íbúðar og geymslna, samtals 245,8 fermetra.
  - Gistileyfi í flokki II er í gildi til júlí 2020 og fæst að öllu óbreyttu endurnýjað eftir það.
  - Um er að ræða virkilega fallegt og hlýlegt nýuppgergt 6 eininga íbúðahótel. Í húsinu hefur verið starfrækt gistipjónusta með öllum tilskyldum leyfum í 10 ár. Húsið var að öllu leyti endurbýgt árið 2010. Svalir eru á 4 íbúðum.
  - Bókunarkerfi og bókunarreikningar eignarinnar fylgja með og þá sú áunna einkunn sem safnast hefur en hún er 8.6 a booking.
- Starfsemin hefur fengið mikið lof fyrir hönnun, þægindi og staðsetningu.**

## Klapparberg. Einbýlishús á grónum og skjólsælum stað.



- Mjög fallegt og þó nokkuð endurnýjað um 310,0 fm. 7 herbergja einbýlishús á 4 pöllum við Klapparberg í Reykjavík. Eldhúsinnrétting og tæki eru nýleg, aðal baðherbergi hússins er nýlega endurnýjað og þakjárn og þakkantur eru frá árinu 2018.
- Stórar stofur með mikilli lofthæð, arni og útgengi á svalir til suðausturs þaðan sem nýtur útsýnis til fjalla. Stór eyja er í eldhúsi og góð borðaðstaða. Fjögur herbergi. Útgengi á verönd til suðurs úr hjónaherbergi og sjónvarpstofu.
- Lóðin er ræktuð og skjólsæl með fallegum trjágróðri. Steypt innkeyrsla og hellulögð stétt eru fyrir framan hús.

**Verð 94,9 millj.**

## Sandprýði 1 – Garðabæ. Parhús á einni hæð.



- Fallegt og vel skipulagt 199,0 fm. parhús á einni hæð með mikilli lofthæð og innbyggðum 31,5 fm. bílskúr við Sandprýði í Garðabæ.
  - Gert er ráð fyrir 4 svefnherbergjum í húsinu en núverandi eigendur stækkuðu stofu sem nemur einu herbergi.
  - Stór og björt stofa með tveimur útgöngum á verandir til suðurs og austur. Eldhús með miklum innréttingum úr hnotu. Þrjú herbergi auk fataherbergis.
- Eigendur eru tilbúnir til að athuga með skipti á 4ra - 6 herbergja íbúð eða hæð í Ásahverfinu eða mögulega annars staðar í Garðabæ.**

**Verð 89,9 millj.**

## Skútuvogur 4. Til sölu eða leigu.



- Til sölu eða leigu 1.703,8 fermetra iðnaðarhúsnæði með 6 metra lofthæð og þremur um 5 metra háum innkeyrsluhurðum á þessum eftirsóttasta miðsvæðis í borginni. Í austur-enda hússins er innréttað skrifstofu- og starfsmannarými í um 200 fermetrum og er milli loft yfir þeim hluta þar sem einnig eru skrifstofur og fundarherbergi.
  - Um er að ræða 33,829% af heildareigninni nr. 4 við Skútuvog en hinn eignarhluti hússins er í eigu annars aðila. Lóðin er 10.177 fermetrar að stærð og skiptist hlutfallslega eftir eignarhluta hvors eiganda um sig.
- Virkilega góð aðkoma er að eigninni og stórt malbikað plan með góðri aðkomu, góðu athafnasvæði og fjölda bílastæða.**

## Skipasund 3. Góð 3ja herbergja íbúð – laus strax.



- Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45**
- Björt og falleg 77,7 fm. íbúð á jarðhæð/kjallara í algjöflega endurnýjuðu þrjúbýlishúsi við Skipasund.
  - Eignin er mjög björt með rúmgóðum herbergjum, glugga á baðherbergi, borðaðstöðu í eldhúsi og nýlegum gólfefnum. Stofa með gluggum í tvær áttir.
  - Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum. Húsið hefur allt verið viðgert og steinað upp á nýtt, þakjárn er nýlegt, allt gler og allir gluggar hússins eru nýlegir.
  - Lóðin er með stórum tyrfðum flötum og trjágróðri og er í óskiptri sameign hússins.

**Verð 38,9 millj.**

## Kleppsvegur 124. 3ja herbergja íbúð



- Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**
- Vel skipulögð 90,2 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu við Kleppsveg í Reykjavík.
  - Eldhús hefur verið endurnýjað á smekklegan hátt. Rúmgóð stofa með stórum gluggum og svölum til suðvesturs. Hjónaherbergi með litlu fataherbergi innaf.
  - Búðir er að skipta um alla glugga, gler og svalahurð í íbúð.
  - Aðeins 6 íbúðir í stigaganginum. Snyrtileg sameign.

**Verð 39,9 millj.**

## Langholtsvegur 58. 5 herbergja íbúð á efstu hæð.



- Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45**
- Falleg 97,4 fm. íbúð á 2. hæð, efstu hæð með frábæru útsýni og svölum til suðvesturs í þrjúbýlishúsi inni í botnlanga við Langholtsveg. Aðeins ein íbúð er á hverri hæð hússins. Bílskúrsréttur á lóð fylgir íbúðinni.
  - Gólfisíðir gluggar og mjög mikil lofthæð eru í stórum hluta íbúðarinnar. Geymslu loft er yfir hluta íbúðarinnar.
  - Eldhúsinnrétting og stór hluti gólfefna voru endurnýjuð fyrir fáeinum árum síðan og settur gólfhiti í eldhús, stofur og svefnangang. Tvö sér bílastæði á lóð fylgja íbúðinni og stór sameiginleg lóð með körfuboltaavelli.

**Verð 54,9 millj.**

## Nýhöfn 5 – Sjálandi Garðabæ. 4ra herbergja útsýnisíbúð ásamt bílskúr.



- Virkilega glæsileg 132,3 fm. íbúð á 2. hæð með miklu útsýni og 20,0 fm. yfirbyggðum opnanlegum suðursvölum auk 25,3 fm. bílskúrs. Einungis 3 íbúðir eru í stigahúsinu, eða ein á hverri hæð hússins.
  - Íbúðin er mjög björt með gluggum í 3 áttir og einstöku útsýni að Snæfellsjökli, Álftanesi, yfir Arnarnesvoginn, Esjunninni og víðar. Vandað gegnheiligt hnotuparket er á gólfum.
  - Setustofa með mikilli lofthæð. Tvö herbergi. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Bjart og rúmlegt eldhús.
- Staðsetning eignarinnar er virkilega góð alveg fremst á hafnarkantinum þaðan sem nýtur óhindraðs útsýnis.**

**Verð 82,9 millj.**

## Hamraborg – Kópavogi. 4ra herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð.



- 122,2 fm. einstök útsýnisíbúð á efstu hæð í nýviðgerðu fjölbýlishúsi við Hamraborg auk um 30 fm. þaksvala til suðurs og annarra svala til vesturs og aðgengis að bílageymslu undir húsinu.
- Stór stofa með gluggum til norðurs og suðurs. Sjónvarpstofa innaf stofu. Þrjú herbergi.
- Aðeins eru tvær íbúðir á hæðinni. Sameign er öll endurnýjuð með nýjum gólfefnum. Nýtt dyrasímakerfi með myndavél og nýleg lyfta.
- Frá íbúðinni nýtur einstaks útsýnis yfir borgina, að Esjunninni, Snæfellsjökli, Reykjanesi, Bláfjöllum, Vífilfelli og víðar.

**Verð 49,9 millj.**





# EIGNAMIDLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957



**Sverrir Kristinsson**  
Löggiltur fasteignasali



**Kjartan Hallgeirsson**  
Löggiltur fasteignasali s. 824 9093



**Guðmundur Sigurjónsson**  
Lögræðingur, löggiltur fasteignasali



**Guðlaugur I. Guðlaugsson**  
Löggiltur fasteignasali s. 864 5464



**Þórarinn M. Friðgeirsson**  
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri s. 899 1882



**Magna S. Sverrisdóttir**  
MBA, löggiltur fasteignasali s. 861 8511



**Hilmar Þór Hafsteinsson**  
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumíðlari s. 824 9098



**Brynjar Þ. Sumarliðason**  
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali s. 896 1168



**Daði Hafþórsson**  
Löggiltur fasteignasali s. 824 9096

## STIGAHLÍÐ 67 105 REYKJAVÍK



BÓKID SKOÐUN



Fallegt einbýli á einni hæð ásamt innbyggðum bílskúr á eftirsóttum stað í Hlíðunum. Stórt og glæsilegt eldhús og miklar bjartar stofur þaðan sem gengið er út á verönd. Í stofu er arinn hlaðinn úr Drápuhlíðargróti. Svefnherbergjagangurinn er lokaður frá stofurýminu. Við ganginn eru fjögur svefnherbergi og stórt og glæsilegt baðherbergi. Skjólögður pallur við húsið og gróinn garður. Birt stærð íbúðarrýmisins er 213,8 fm hjá Þjóðskrár Íslands og bílskúrsins 23,5 fm, samtals 237,3 fm. V. 110,0 m  
Nánari uppl. Hrafnhildur Björk Baldursdóttir lg. fs. s. 862 1110, hrafnhildur@eignamidlun.is

## SÓLVALLAGATA 14 101 REYKJAVÍK



BÓKID SKOÐUN



Hér er um að ræða einstakt og stórglæsilegt einbýlishús við Sólvallagötu í Reykjavík, húsið hefur allt verið endurnýjað á síðustu árum, bæði að utan og innan, auk þess sem lóð var endurgerð og nýr bílskúr byggður. Húsið er teiknað af Einari Erlendssyni árið 1928 og er á fjórum hæðum og er samtals 538,8 fm þar af bílskúr 35,0 fm.  
Nánari uppl. Sverrir Kristinsson lg.fs. 861 8514, sverrir@eignamidlun.is og Kjartan Hallgeirsson lg.fs. s. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is

## STIGAHLÍÐ 64 105 REYKJAVÍK



BÓKID SKOÐUN



Stórglæsilegt 350,3 fm vel staðsett einbýlishús með tvöföldum innbyggðum bílskúr. Húsið var endurnýjað á vandaðan hátt árið 2008 og 2009. Fimm svefnherbergi, 3 baðherbergi og gestasnyrtng. Stór afgirt lóð og harðviðarverönd með heitum potti til suðurs. Húsið er laust til afhendingar við kaupsamning.  
Nánari uppl. Sverrir Kristinsson lg.fs. 861 8514, sverrir@eignamidlun.is og Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

## LAUGALÆKUR 30 101 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



Virkilega gott 227,4 fm raðhús á 3 hæðum með bílskúr á þessu vinsæla svæði við Laugardal. 4-5 svefnherbergi, möguleiki á að hafa sér 2ja herbergja íbúð í kjallara. V. 94,9 m  
Opíð hús þriðjudaginn 24. september milli kl. 18:00 og 18:30  
Nánari uppl. Brynjar Þór Sumarliðason lg. fs. s. 896 1168, brynjar@eignamidlun.is

## LAUGATEIGUR 17 105 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

91.6 fm 3 herbergja íbúð með sérafnotafleti. Eignin skiptist í: forstofu, 2 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og geymslu. V. 42,9 m  
Harðparket, 8mm, 1285x192mm

Hörkustuðull AC4/32  
20 ára ábyrgð

**1.994kr/m<sup>2</sup>**

0113641

Almennt verð: 2.695kr/m<sup>2</sup>

**26%**



**Krono Original**  
High Quality

**MARKAÐS-DAGAR**

*Komdu og gramsaðu!*

**AUKA 30% afsláttur\***

\*reiknast á kassa

**BYKO**

GERUM PETTA SAMAN



# TÍMAMÓT

## Vilja styrkja myndlistarflórana

Nýtt galleri hefur verið opnað á Skólavörðustíg. Þar selja 16 myndlistarmenn verk sín.

Nýtt galleri, Galleriíð, var nýlega opnað á Skólavörðustíg 20, en þar sýna og selja sextán myndlistarmenn verk sín. Blaðamaður mælti sér mót við tvo þeirra, Gunnellu Ólafsdóttur og Laufeyju Jensdóttur.

„Við höfum langflest unnið að myndlistinni í mörg ár og því eru hér þaulreyndir myndlistarmenn,“ segir Gunnella. Nokkur gallerí eru á Skólavörðustíg en Gunnella segir hópinn ekki hræðast samkeppnina. „Við erum nýjasta gallerið og teljum okkur vera að styrkja flórana. Nú er Skólavörðustígurinn orðinn listagallerisgatan í Reykjavík.“

„Við ætlum að byggja okkar sérstöðu á því að bjóða fyrst og fremst áhuga-verða myndlist,“ segir Laufey. „Þegar við höfum þetta ævintýri okkar ákváðum við að vanda vel val þeirra listamanna sem yrðu með verk sín í galleriinu. Hér má finna verk eftir myndlistarmenn sem hafa starfað lengi að listsköpun sinni sem og



Laufey og Gunnella í hinu nýstofnaða gallerí. Í bakgrunni er verk eftir þá síðarnefndu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Myndlistarmenn Gallerisins

- Ása Heiður**  
- blönduð tækni
- Gunnella**  
- olíumálverk
- Erna Jónsdóttir**  
- skúlpútur, leirlitaverk
- Jón Baldur Hlíðberg**  
- vatnslitaverk
- Kolbrún Friðriksdóttir**  
- olíumálverk
- Kristjana S. Williams**  
- blönduð tækni
- Laufey Jensdóttir**  
- skúlpútur, grafíkverk og blönduð tækni
- Margrét Zóphóniasdóttir**  
- olíumálverk
- Ólöf Einarsdóttir**  
- textilverk
- Óskar Thorarensen**  
- blönduð tækni
- Óskar Thorarensen**  
- vatnslitaverk
- Sara Vilbergsdóttir**  
- olíumálverk og skúlpútur
- Sigrún Einarsdóttir**  
- Gler í Bergvík, glerverk, blönduð tækni
- Sigurður S. Magnússon**  
- olíumálverk
- Thomas Fleckenstein**  
- ljósmyndaverk
- Vilborg Gunnlaugsdóttir**  
- vatnslitaverk
- Þorgrímur A. Einarsson**  
- olíumálverk



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður og afa,

**Bjarna Eyjólfssonar**  
náttúrfræðings,  
Hamratúni 1, Akureyri,  
áður Möðruvöllum í Hörgárdal.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Lyfjadeildar Sjúkrahússins á Akureyri og Kristnesspítala fyrir góða umönnun og hlýju í garð okkar allra.

**Pálína Sigríður Jóhannesdóttir**  
**Brynhildur Bjarnadóttir**  
**Brynjólfur Bjarnason**  
**Sigurborg Bjarnadóttir**  
**Sigríður Bjarnadóttir**  
**Sigurður Ingi Friðleifsson**  
**Jónatan Þór Magnússon**  
**Brynjar Þór Hreinsson**  
og afabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afa og langafi,

**Jónatan Ólafsson**  
Lindasiðu 2, Akureyri,

lést sunnudaginn 15. september. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju þriðjudaginn 24. september kl. 13.30.

Blóm og kransar eru afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hans er bent á minningarsjóð Björns Rúnarssonar: Banki 0354-13-200686, kt. 141251-3259.

**Sigrún Halldórsdóttir**  
**Rögnvaldur Jónatansson**  
**Ólafía Jónatansdóttir**  
**Sigurdrif Jónatansdóttir**  
**Brynjar Bragason**  
**Kristján Hálfánarson**  
**Rúnar Hálfánarson**  
**Daði Hálfánsson**  
afa- og langafabörn.  
**Ásdís R. Jónsdóttir**  
**Haukur Konráðsson**  
**Björn J. Sighvatz**  
**Anna Þ. Ingólfssdóttir**  
**Jóhanna S. Hansen**  
**Inga Helga Björnsdóttir**  
**Ráðhildur Stefánsdóttir**

verk áhugaverðra myndlistarmanna sem hafa vakið mikla eftirtekt þrátt fyrir skamman listferil og því náð langt á sínu sviði. Það er mjög ánægjulegt að heyra að fólk sem kemur hingað inn talar um það hvað þetta sé vandað og áhugavert galleri.“

#### Ævintýraleg verk

Í hópi listamanna er Kristjana S. Williams sem býr í London og rekur þar stúdíó sitt. „Hún er menntaður grafískur hönnuður og hefur vakið mikla athygli og fengið einstaklega áhugaverð tækifæri víða um heim vegna sérstöðu verka sinna. Verk hennar eru til dæmis seld í Harrods, Liberty og Victoria and Albert Museum. Þá hefur hún unnið fyrir Louboutin, Coldplay, The Shard London og Ólympiuleikana í Ríó. Verk hennar eru bæði litrík og ævintýralega og hafa fangað athygli almennings sem og þekktra hönnuða sem hafa leitast við að fá hana í samstarfað undanförunu.“

Við höfum sannarlega fundið að verk hennar vekja mikla athygli hér í Galleriinu sem og erlendis,“ segir Gunnella.

Í hópnum eru systurnar, Sigrún og Ólöf Einarsdóttir. „Sigrún er einstakur glerlistamaður og hafa umfjallanir um verk hennar birst í erlendum fagttimaritum. Systir hennar Ólöf er einnig áhugaverður textillistamaður og þekkt víða erlendis,“ segir Laufey. „Þær hafa einnig unnið verk saman og þá



Hér má sjá verk eftir Kristjönu S. Williams en verk hennar hafa vakið athygli víða um heim.



Það er mjög ánægjulegt að heyra að fólk sem kemur hingað inn talar um það hvað þetta sé vandað og áhugavert galleri.

vinnur Sigrún með glerið og Ólöf með textilinn og úr þeirri samvinnu skapast einstakir skúlpútar.“

Enn einn listamanna Gallerisins er Jón Baldur Hlíðberg en frummyndir hans úr verðlaunabókinni Flóru Íslands eru þar til sölu ásamt fleiri verkum hans.

#### Svona koma myndirnar

Gunnella hefur lengi verið starfandi í myndlistinni og alþekktar eru glaðlegar figúrur hennar í íslensku landslagi. Hún er spurð hvort hún hafi tekið eftir því að fólk kemst beinlínis í gott skap við að horfa á myndir hennar. „Ég

heyri það oft frá fólki og sé þegar það skoðar myndirnar að það brosir út að eyrum. Það er enginn fyrirfram ákveðinn ásetningur hjá mér að mála svona en svona koma myndirnar til mín,“ segir hún.

„Ég vinn í marga listmiðla,“ segir Laufey. „Þegar ég fæ hugmynd leita ég að efni sem hæfir henni. Ég hef unnið verk mín í leir, með olíu og akrýl, nýtt mér möguleikann á blandaðri tækni og finnst innsetningar heillandi listform. Ég einbeiti mér að því að láta hugsjón og efnisval haldast í hendur í mínum verkum.“

kolbrunb@frettabladid.is



 **Stilling**

# Varahlutir í bílinn

**Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu**



**Rafgeymar**




**Smursiur**




*Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar*



*Tímareimar og vatnsdælur*



**Kúplingar**



*Demparar, gormar og stýrisendar*

**Hemlahlutir**



 **Stilling**  
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)







# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur




|  |   |   |
|--|---|---|
| Reykjavík<br><br><b>13</b>   <b>3</b><br>°C   ↑   | Ísafjörður<br><br><b>10</b>   <b>2</b><br>°C   ↓     | Akureyri<br><br><b>14</b>   <b>4</b><br>°C   ↓   |
| Egilsstaðir<br><br><b>16</b>   <b>2</b><br>°C   ↗ | Kirkjubæjarkl.<br><br><b>10</b>   <b>1</b><br>°C   ↖ | Hveravellir<br><br><b>9</b>   <b>5</b><br>°C   ↑ |

Suðaustan og austan 5-13 m/s, en 13-18 með suðurströndinni. Rigning með köflum, einkum um landið sunnanvert. Hiti víða 12 til 18 stig. Hægari vindur á morgun. Yfirleitt þurr á norðanverðu landinu, en væta um tíma í öðrum landshlutum.

## Þriðjudagur

|   |   |   |
|---|---|---|
| Reykjavík<br><br><b>12</b>   <b>6</b><br>°C   ↖   | Ísafjörður<br><br><b>11</b>   <b>7</b><br>°C   ↗     | Akureyri<br><br><b>16</b>   <b>4</b><br>°C   ↖   |
| Egilsstaðir<br><br><b>14</b>   <b>3</b><br>°C   ↑ | Kirkjubæjarkl.<br><br><b>12</b>   <b>4</b><br>°C   ↖ | Hveravellir<br><br><b>8</b>   <b>9</b><br>°C   ↑ |

## Miðvikudagur

|  |   |   |
|--|---|---|
| Reykjavík<br><br><b>11</b>   <b>5</b><br>°C   ↖   | Ísafjörður<br><br><b>12</b>   <b>3</b><br>°C   ↖     | Akureyri<br><br><b>13</b>   <b>1</b><br>°C   ↖   |
| Egilsstaðir<br><br><b>12</b>   <b>3</b><br>°C   ↑ | Kirkjubæjarkl.<br><br><b>11</b>   <b>5</b><br>°C   ↖ | Hveravellir<br><br><b>8</b>   <b>8</b><br>°C   ↑ |

### LÉTT

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 |   |   | 9 |   |   |   |   |
| 9 | 6 | 7 |   |   |   |   |   | 5 |
|   |   | 3 |   | 7 |   | 2 |   |   |
|   | 7 |   | 8 | 2 | 5 |   |   |   |
| 1 |   | 4 |   |   | 7 |   |   |   |
| 3 |   | 4 | 7 |   | 8 |   |   |   |
|   |   | 1 |   | 6 | 3 | 2 |   | 7 |
|   |   | 8 |   | 2 | 4 | 5 |   |   |
|   |   |   |   |   | 3 | 9 | 1 |   |

### MIDLUNGS

|   |   |   |   |   |   |  |   |   |
|---|---|---|---|---|---|--|---|---|
|   | 9 | 2 |   | 1 |   |  | 6 | 5 |
| 7 |   | 4 |   | 5 |   |  | 1 |   |
|   |   | 6 | 8 |   |   |  |   | 2 |
|   |   |   | 9 | 4 |   |  |   | 1 |
|   | 6 |   |   | 5 |   |  |   | 4 |
|   |   |   |   | 3 | 8 |  | 2 |   |
| 8 |   |   | 3 |   |   |  | 5 |   |
|   | 2 |   |   |   | 7 |  |   |   |
|   | 4 | 9 |   |   |   |  |   |   |

### PUNG

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 |   |   | 9 |   | 8 |   |
|   |   |   | 8 |   |   | 7 | 9 |   |
|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
| 3 |   | 7 | 4 | 9 |   |   | 1 |   |
|   |   | 2 |   |   |   |   |   | 9 |
|   |   |   |   | 3 | 7 |   |   |   |
|   |   | 4 |   | 6 | 8 |   |   |   |
|   |   |   | 2 | 3 |   | 8 |   |   |
|   | 7 |   | 9 |   | 5 |   |   | 1 |

### Krossgáta

- LÁRÉTT**  
**1** góna  
**5** pípa  
**6** aðgæta  
**8** árans  
**10** skóli  
**11** hola  
**12** hrikt  
**13** stólpi  
**15** sköpun  
**17** véla
- LÓDRÉTT**  
**1** kanna  
**2** langvinn  
**3** tímabils  
**4** örðu  
**7** blóðhiti  
**9** taminn  
**12** mylja  
**14** málmur  
**16** tveir eins

|    |    |   |   |    |   |
|----|----|---|---|----|---|
| 1  | 2  | 3 |   | 4  |   |
| 5  |    |   |   | 6  | 7 |
| 8  |    |   | 9 |    |   |
| 10 |    |   |   | 11 |   |
| 13 | 14 |   |   |    |   |
| 15 |    |   |   | 16 |   |
|    | 17 |   |   |    |   |

LÁRÉTT: 1 lápa, 5 rör, 6 gá, 8 ansans, 10 f, 11 ástríða, 9 agður, 12 mola, 14 tin, 16 r.  
 LÓDRÉTT: 1 grafast, 2 löng, 3 árs, 4 agnar, 7 gár, 12 mar, 13 stóð, 15 tilfúð, 17 narra.


## Skák Gunnar Björnsson

Dueball átti leik gegn Jones á Ólympíuskákmótinu 1974.

**1...He1! 2. Bxe1 (2. Hxe1 Rf2+).**  
**2...Rb2! 0-1.** Björgvin Víglundsson var í gær Íslandsmeistari öldunga (+65). Júlíus Friðjónsson og Áskell Örn Kárasón urðu í 2.-3. sæti. Páll G. Jónsson fékk verðlaun fyrir bestan árangur 80 ára og eldri, Jón Kristinsson fyrir bestan árangur 75 ára og eldri og Bragi Halldórsson fyrir bestan árangur 70 ára og eldri.

www.skak.is: Íslandsmót öldunga.

### Svartur á leik




|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 1 | 3 |
| 9 | 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 1 | 5 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 |
| 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 7 | 9 | 6 |
| 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 9 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 8 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 7 | 3 | 1 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 | 7 |
| 9 | 4 | 2 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 | 5 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 4 | 2 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 5 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 2 | 7 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 4 | 5 | 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 | 5 | 4 |
| 8 | 2 | 9 | 4 | 7 | 5 | 3 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.



## Pondus



## Gelgjan



## Barnalán



# TUDOR Start/stop

AGM þurrir og EFB sýru rafgeymar fyrir bíla með start/stop búnaði



**Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta**

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

# LÍFIÐ ER Á FRETABLAÐID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tisku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook







Guðlaug notar form og efni niunda og tíunda áratugarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Stef úr hversdagsleika

**Guðlaug Mía Eypórsdóttir heldur sína fyrstu einkasýningu í Harbinger á Freyjugötu. Þar er hægt að horfa, borða og snerta.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



**V**erkin sýna merkin er fyrsta einkasýning Guðlaugar Míu Eypórsdóttur frá því hún lauk mastersnámi sínu frá Koninklijke Academie í Gent, Belgíu, á síðasta ári. Hún rak um tíma sýningarrými í Antwerpen ásamt sex íslenskum myndlistarmönnum. Þessa stundina dvelur hún á Íslandi.

Um þessa sýningu, sem stendur til 28. september í Harbinger, segir hún: „Á sýningunni vinn ég með ýmis kunnugleg stef úr íslenskum hversdagsleika, ég hef verið að grandskoda þau form sem byggja upp nærumhverfi okkar eins og stigaganga, gluggasýllur og anddyri, þau form, efni og liti sem þar má finna og ég svo endurraða í skúlptúrum. Úr verða ný sambönd byggð á kunnuglegum stefjum fyrir áhorfendur að kanna. Ég nota form og efni niunda og tíunda áratugarins, svo á sýningunni má finna efnisleg fortíðarstef sem tengja áhorfendur við aðra tíma og aðra efniskennnd en þá sem umkringir okkur í nútímanum.“

### Visanir í virkni

Í því samhengi nefnir Guðlaug titil sýningarinnar, Verkin sýna merkin:

**Á SÝNINGUNNI VELTI ÉG FYRIR MÉR ÆTLUÐUM HLUTVERKUM VERKA OG ÁHORFANDA, HVERNIG ÁHORFANDINN GETUR HAFT ÁHRIF Á UPPLIFUM SÍNA OG ANNARRA Á VERKUNUM.**

„Titillinn gefur eins konar leiðbeiningar um hvernig skoða megi sýninguna, þar sem verkin gefa hver og eitt hlutverk sitt til kynna. Á sýningunni velti ég fyrir mér ætluðum hlutverkum verka og áhorfanda, hvernig áhorfandinn getur haft áhrif á upplifum sína og annarra á verkunum. Verkin hér á sýningunni bera öll með sér visanir í einhverja virkni eða hlutverk og það er áhorfandans að koma auga á það, hvort sem það er með því að snerta, setjast eða jafnvel drekka og borða. Þannig virkjar áhorfandinn sýninguna og verður um leið þáttur af henni.“

Eitt verkanna á sýningunni minnti blaðamann á eins konar ofn en í ljós kom að listamaðurinn var þar með

stigahandrið í huga. „Þú nefnir ofn og þetta verk minnir svo sannarlega á ofn þótt ég hafi verið innblásin af stigahandriði,“ segir Guðlaug. „Fólk kemur hingað inn og einn sér eitt-hvert ákveðið samhengi í einu verki meðan annar gestur sér eitthvað allt annað. Báðir eiga þó sameiginlegt að vísa í þessi hversdagslegu stef sem sýningin snýst um.“

### Ekkert bannað

Meðal annarra verka er verkið Hvar er klukkan, falið verk sem er þó stærsta verk sýningarinnar, vatns-tankur sem er jafnframt skúlptúr sem myndlistarkonan smíðaði og virkar fullkomlega, og snakk-skúlptúr fyrir gluggakistur, í henni má finna jarðhnetur með teiknuðum andlitum sem gestir mega borða. „Á þessari sýningu geta áhorfendur fengið sér að borða og drekka, sest niður og tekið sér pásu en þó er þátttaka fölginn í hverri hvíld þar sem skúlptúrarnir virkjust í leiðinni. Þannig ráða áhorfendur því sjálfir hvort og hvernig þeir taka þátt í sýningunni,“ segir Guðlaug. „Sumir eru hikandi og óvissir, vita ekki hvort þeir megi snerta verkin eða borða en svo eru aðrir sem vaða beint í allt, setjast niður og snerta og gera allt sem þeir vilja. Hér er nefnilega ekkert bannað.“

Sýningin stendur til 28. september í Harbinger, Freyjugötu 1.

## Hinn þverrandi lífsandi

### TÓNLIST

★★★★★

**Verk eftir Ingibjörgu Ýr Skarphéðinsdóttur, Karólínu Eiríksdóttur, Kaiju Saariaho og Judith Weir.**

**Flytjendur:** Helen Whitaker, Matt-hildur Anna Gísladóttir og Guðný Jónasdóttir.

**Norðurljós í Hörpu**

sunnudaginn 15. september

Mozart þoldi ekki þverflautuna, eins og hann nefnir í bréfi til föður síns, en neyddist samt til að semja fyrir hana. Hljóðfærið hefur þó þróast töluvert síðan hann var uppi, og nú er miklu auðveldara að spila hreint á hana. Til eru alls kyns ódýrir brandarar um flautuna sem örugglega eru upprunnir frá þeim tíma sem flautan var hjáróma og óhrein. Hér er einn: Af hverju gekk kjúklingurinn yfir götuna? Svar: Til þess að flýja flaututónleikana...

Á tónleikunum í Norðurljósum í Hörpu á sunnudaginn var flautan í aðalhlutverki, og engir kjúklingar sáust hlaupa út úr salnum. Helen Whitaker spilaði fallega, það var helst fyrsta verkið sem vakti upp spurningar. Þetta var lða eftir Ingibjörgu Ýr Skarphéðinsdóttur, lagræn tónsmíð, einföld í uppbyggingu. Tónmálið byggðist töluvert á endurtekningum, sem þó voru ekki þreytandi. Whitaker lék tónlistina fremur varfærnislega, og dramatískar andstæður hefðu mátt vera betur útfærðar. Það vantaði snerpú í túlkunina, sem gerði að verkom að tónsmíðin virkaði dálítið flöt.

### Magnað verk Karólínu

Kannski var um streitu að ræða, sem oftast er verst í upphafi tónleika, því eftir þetta var leikur Whitaker hinn þryðilegasti. Næst á dagskránni var verk eftir Karólínu Eiríksdóttur sem hét Stjörnumuldrur og er í fjórum köflum. Af einhverjum ástæðum voru hér bara fluttir kaflar nr. 1, 3 og 4. Sennilega var þetta besta atriði tónleikanna. Matthildur Anna Gísladóttir spilaði með flautuleikaranum og var leikur hennar einstaklega vandaður og fagaður, þrunginn sannfærandi tilfinningu. Samspil hennar og Whitaker var frábært, sérstaklega í hröðum fyrsta þættinum, sem krefst gífurlegrar nákvæmni.

Almennt talað var tónlistin hrifandi, mikið um heillandi kuldalega hljóma og leitandi hendingar sem sköpuðu skemmtilega annarlega stemningu. Pianórullan var sérstaklega falleg og margbrotin. Gaman var t.d. þegar einhverjum hlut hafði verið komið fyrir á bassastrengjum hljóðfærisins, sem lét suma tónana hljóma eins og úr einhverju undarlegu slagverki. Þetta



**Verk Karólínu hreif gagnrýnandann.**  
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

er tónlist sem mann langar til að heyra aftur.

### Áhrifalítið dauði

Nokkuð síðri var Couleurs du vent eftir Kaiju Saariaho, sem Whitaker spilaði ein. Tónlistin samanstóð af alls konar blæstri og öðrum áhrifshljóðum sem samkvæmt tónleikaskránni áttu að tákna þverrandi lífsanda deyjandi manns. Verkið var lítið annað en runa af effektum, sem urðu fljótt leiðigjarnir. Músikin náði aldrei almennilegu risi, og fyrir bragðið var dauðinn í lokin ekki sérlega áhrifamikill.

### Þrískiptur einleikur

Lokatónsmíðin, Several Concertos, eftir Judith Weir, var meira spennandi, en þar bættist Guðný Jónasdóttir sellóleikari í hópinn. Titillinn vísaði til þess að hljóðfæraleikararnir þrír skiptust á einleikshlutverkinu. Einhver einn spilaði með miklum tilþrifum en hinir léku þá undirleik á meðan. Verkið var á margan hátt áheyrilegt, en það var dálítið yfirborðslegt. Alls konar hápunktar virkuðu þvingaðir, eins og tónskáldið hefði í raun ekkert að segja með öllum glæsileikanum. Tónlistin var þó vel flutt, gaman var að heyra í Guðnýju, sem lék af innlifun og tæknilegu öryggi, rétt eins og hinir.

Tónleikaskráin var bara eitt blað, og vísað var til vefslóðar fyrir megintextann. Þetta er slæmt fyrirkomulag. Tónleikaskráin er oft hluti af tónlistarupplifuninni. Eitt og annað vekur forvitni á meðan maður er að hlusta, og þá er gott að lesa sér til. Það að þurfa að kveikja á símanum til þess arna truflar nálæga tónleikagesti, sem eyðileggur fyrir öllum. Þannig var uppi á teningnum nú.

Jónas Sen

**NIÐURSTADA:** Yfirleitt góður flutningur, en tónlistin var misjöfn.

BYRJAÐU DAGINN MEÐ  
**FRÉTTABLAÐINU**

Sæktu Fréttablaðs appið og lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!

**EKKI MISSA AF NEINU, FYLGDU FRÉTTABLAÐINU Á FACEBOOK.**

Sæktu appið fritt! Download on the App Store GET IT ON Google Play

**Sparaðu**  
tíma og fyrirhöfn

**1.598 kr./stk.**

**Foreldað**  
Aðeins að hita

Bónus Súpur  
1-1,2 kg, 5 tegundir


**BONUS** **EKKERT BRUÐL**





## Mánudagur

## Ertu með RÚV-appið?



## Fyrir þig þegar þér hentar

Fjölbreytt dagskrárefni RÚV í öllum miðlum, í beinni og spilara, allt á einum stað.



okkar allra

## RÚV SJÓNVARP

**08.15 Dagur í lífi landans** Fyrsti Landapáttur vetrarins, sem er 300. þáttur Landans, verður með allt öðru sniði en venjulega. Þátturinn verður í beinni útsendingu í heilan sólarhring og umsjónarmenn verða á ferðinni um land allt. Við skoðum atvinnulíf, félagslíf og mannlíf og reynum að sýna sem allra mest af því sem drifur á daga landans á einum sólarhring. Útsendingin hefst á aðalrás RÚV en færast yfir á RÚV 2 að klukkutíma liðnum. Við lok hefðbundinnar dagskrár hefst útsendingin aftur á aðalrásinni og verður þar fram að upphafi hefðbundinnar dagskrár á mánudeginum, en þá heldur útsendingin áfram á RÚV 2. Hægt er að fylgjast með útsendingunni í heild á RÚV 2.

**16.45 Silfríð**  
**17.50 Tákn málsfréttir**  
**18.00 KrakkaRÚV**  
**18.01 Lalli**  
**18.08 Minnsti maður í heimi**  
**18.09 Símon**  
**18.14 Refurinn Pablo**  
**18.19 Letibjörn og læmingjarnir**  
**18.26 Klingjur**  
**18.37 Mói**  
**18.50 Krakkafréttir**  
**19.00 Fréttir**  
**19.25 Íþróttir**  
**19.30 Veður**  
**19.35 Kastljós**  
**19.50 Menningin**  
**20.05 Reikistjörnurnar** Heimildarþáttaröð frá BBC þar sem eðlisfræðingurinn Brian Cox rannsakar mikilfenglega sögu reikistjarnanna í sólkerfinu okkar.  
**21.10 Hernám** Önnur þáttaröð þessara norsku spennuþátta sem byggðir eru á hugmynd Jos Nesbø hefst sex mánuðum eftir lok fyrstu þáttaraðar. Noregur er enn undir hernámi Rússa og forsætisráðherra Noregs hefur verið sendur í útlegð til Svíþjóðar þar sem hann leitast við að ná aftur tökum á landi sínu. Aðalhlutverk: Henrik Mestad, Eldar Skar og Ane Dahl Torp. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.  
**22.00 Tíufréttir**  
**22.15 Veður**  
**22.20 Robert Frank. Ekki blikka** Heimildarmynd um ljósmyndarann og kvikmyndagerðarmanninn Robert Frank sem er af mörgum talinn einn mesti áhrifavaldur í þróun ljósmyndunar á seinni hluta tuttugustu aldar, en ljósmynda-bók hans „The Americans“ frá árinu 1958 er talin tímamótaverk. Leikstjóri: Laura Israel.  
**23.40 Króníkan** Dönsk þáttaröð sem hefst árið 1949 og segir frá lífi fjögurra ungra Dana á 25 ára tímabili þegar samfélagið tekur miklum breytingum. Meðal leikenda eru Anne Louise Hassing, Ken Vedsegaard, Anders W. Bertelsen, Maibritt Saerens, Waage Sandø, Stina Ekblad og Pernille Højmark. e.  
**00.40 Dagskrárlök**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Sanderson Farms Championship** Útsending frá Sanderson Farms Championship á PGA mótaröðinni.  
**11.00 BMW PGA Championship** Útsending frá BMW PGA Championship á Evrópumótaröðinni.  
**16.00 Sanderson Farms Championship**  
**19.00 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA mótunum.  
**19.55 BMW PGA Championship**

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
 FM 89,5 Retro  
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
 FM 93,5 Rás 1  
 FM 95,7 FM957

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**  
**08.45 The Tonight Show**  
**09.30 The Late Late Show**  
**12.00 Everybody Loves Raymond**  
**12.20 The King of Queens**  
**12.40 How I Met Your Mother**  
**13.05 Dr. Phil**  
**13.50 Ný sýn**  
**14.20 Jane the Virgin**  
**15.05 90210**  
**16.00 Malcolm in the Middle**  
**16.20 Everybody Loves Raymond**  
**16.45 The King of Queens**  
**17.05 How I Met Your Mother**  
**17.30 Dr. Phil**  
**18.15 The Tonight Show**  
**19.00 The Late Late Show**  
**19.45 Superstore**  
**20.10 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back**  
**21.00 Seal Team**  
**21.50 MacGyver**  
**22.35 Det som göms í snö**  
**23.20 The Tonight Show**  
**00.05 The Late Late Show**  
**00.50 NCIS**  
**01.35 The Good Fight**  
**02.20 Grand Hotel**  
**03.05 Baskets**  
**03.30 White Famous**  
**04.05 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**  
**06.50 Morgunvaktin**  
**07.00 Fréttir**  
**07.30 Fréttayfirlit**  
**08.00 Morgunfréttir**  
**08.30 Fréttayfirlit**  
**09.00 Fréttir**  
**09.05 Segðu mér**  
**09.45 Morgunleikfimi**  
**10.00 Fréttir**  
**10.03 Veðurfregni**  
**10.13 Flugur Þrjár tónlistarkonur**  
**11.00 Fréttir**  
**11.03 Mannlegi þátturinn**  
**12.00 Fréttir**  
**12.02 Hádegisútlit**  
**12.20 Hádegisfréttir**  
**12.40 Veðurfregni**  
**12.50 Dánarfregni**  
**12.55 Samfélagið**  
**14.00 Fréttir**  
**14.03 Til allra átta Kora og Kiran**  
**15.00 Fréttir**  
**15.03 Kíkt út um kýraugað. Um Jóhann Sigurjónsson**  
**16.00 Síðdegisfréttir**  
**16.05 Hátalarinn**  
**17.00 Fréttir**  
**17.03 Lestin**  
**18.00 Spegillinn**  
**18.30 Krakkavikan**  
**18.50 Veðurfregni**  
**18.53 Dánarfregni**  
**19.00 Endurómur úr Evrópu**  
**20.35 Mannlegi þátturinn**  
**21.40 Kvöldsgagan. Svipir dagsins og nótt**  
**22.00 Fréttir**  
**22.05 Veðurfregni**  
**22.10 Samfélagið**  
**23.00 Lestin**  
**00.00 Fréttir**  
**00.05 Næturútlit Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.20 Where To Invade Next**  
**13.20 Dare To Be Wild**  
**15.05 Love and Friendship**  
**16.40 Where To Invade Next**  
**18.40 Dare To Be Wild**  
**20.25 Love and Friendship**  
**22.00 Wonder Woman**  
**00.20 All I See Is You**  
**02.10 How to Talk to Girls at Parties**  
**03.50 Wonder Woman**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**  
**07.25 Friends**  
**07.45 Gilmore Girls**  
**08.30 Ellen**  
**09.15 Bold and the Beautiful**  
**09.35 Allir geta dansað**  
**11.05 Seinfeld**  
**11.25 Divorce**  
**11.55 Landnemarnir**  
**12.35 Nágrannar**  
**13.00 American Idol**  
**14.25 American Idol**  
**16.05 Lego Master**  
**17.00 Bold and the Beautiful**  
**17.20 Nágrannar**  
**17.45 Ellen**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.  
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.  
**19.10 Sportpakinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.  
**19.20 Veður**  
**19.25 Gulli byggir**  
**20.00 Grand Designs. The Street**  
**20.50 Snatch**  
**21.35 The Righteous Gemstones**  
**22.10 Snatch**  
**22.55 60 Minutes**  
**23.40 Succession**  
**00.40 A Confession**  
**01.30 The Deuce**  
**02.30 Greyzone**  
**03.15 Greyzone**  
**04.00 Greyzone**  
**04.45 Greyzone**  
**05.30 The Detour**  
**05.55 The Detour**  
**06.20 The Detour**

## STÖÐ 3

**19.10 Mom**  
**19.35 The Big Bang Theory**  
**20.00 Seinfeld**  
**20.25 Friends**  
**20.50 Schitt's Creek**  
**21.15 Empire**  
**22.00 Who Do You Think You Are?**  
**23.00 Peaky Blinders**  
**00.00 Claws**  
**00.45 The Big Bang Theory**  
**01.05 Mom**  
**01.30 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.20 Cagliari - Genoa** Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.  
**10.00 New England Patriots - New York Jets** Útsending frá leik í NFL  
**12.00 Seattle Seahawks - New Orleans Saints** Útsending frá leik í NFL  
**14.10 KR - FH** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.  
**15.50 Pepsi Max Mörk karla**  
**17.20 Ítölsku mörkin** Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.  
**17.50 Spænsku mörkin** Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.  
**18.20 ÍBV - FH** Bein útsending frá leik í Olís deild karla.  
**20.20 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.  
**20.50 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur**  
**21.15 Seinni bylgjan** Markaðurinn Olís deildarinnar í umsjón Henrys Birgis Gunnarssonar.  
**22.45 Valur - Selfoss** Útsending frá leik í Olís deild karla.  
**00.15 Juventus - Hellas Verona** Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.

FM 96,3 FM Suðurland  
 FM 96,7 Létt Bylgjan  
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
 FM 99,4 Útlit Saga  
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



# wagner

ÞÝSK HÖNNUN · EINSTÖK GÆÐI

EINU STÓLARNIR MED



Dondola®

360°  
VELTITÆKNI

# Einn besti skrifstofu- stóllinn fyrir bakveika

Hirzlan Skrifstofuhúsgögn eru þessa dagana með sérstakt tilboðsverð á hinum rómuðu Wagner skrifstofustólum, þeir einu sem eru með Dondola® 360° veltihreyfingu á setu. Hreyfingin miðar að því að létta álag á bakið og styrkja það.

Skrifstofustólarnir frá Wagner hafa heldur betur slegið í gegn, enda hafa fjölmargir fagaðilar og einstaklingar mælt sérstaklega með þessum frábæru stólunum. Ólafur Gunnar Guðlaugsson barnabókahöfundur er einn þeirra.



Ólafur Gunnar Guðlaugsson

„Ég hef unnið sem grafískur hönnuður, barnabókahöfundur og teiknari í nærri 30 ár. Eins og gefur að skilja er ekki mikil hreyfing við svona störf og ég sit nánast allan daginn við mína iðju. Það er auðvitað dauði og djöfull fyrir krónískt bakveikan mann. Í tugi ára hafði morgunrúttina mín verið að liðka um klemmdu taugina

í mjóbakinu, koma mér úr vinkilstöðu í lóðréttu. Sem sagt ópolandi og viðvarandi ástand sem var nóg til að æra óstöðugan.

Síðan kynntist ég Wagner stólunum með 360 gráðu Dondola veltitækni. Málið er að ef þér tekst að halda hryggsúlunni á stöðugri hreyfingu þá stífnar hún síður og festist. Vinnuveitandi minn fjárfesti í Ergomedic 100-3, og viti eina viku voru öll mín bakvandamál algjörlega horfin!

Það hljómar eins og lygasaga en mér hefur aldrei liðið betur í bakinu.“



-36%

NÚ Á TILBOÐSVERÐI

**119.900 kr.**

ÁÐUR Á 189.900

ERGOMEDIC 100-3 skrifstofustól frá Wagner, þeir einu sem eru með Dondola® 360° veltihreyfingu á setu.

FAGAÐILAR MÆLA  
MEÐ WAGNER



Elís Þór Rafnsson  
sjúkrálfari



# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is



# Fyrsta frumsýning ársins



Íris María Stefánsdóttir, Erna Ómarsdóttir og Anna Nordal skemmtu sér vel.



Margrét Hugadóttir og Tryggvi Gunnarsson.



Ástrós og Gerður Guðjónsdætur.

Hið nýja íslenska verk Þel eftir Grímuverðlaunahafann Katrínu Gunnarsdóttur var frumsýnt á föstudag fyrir fullum sal Nýja sviðs Borgarleikhússins.

**M**ikil eftirvænting var fyrir þessari fyrstu sýningu ársins hjá dansflokknum og jafnframt fyrstu sýningu leikársins í Borgarleikhúsinu og komust færri að en vildu. Verk Katrínar hafa verið sýnd víða um Evrópu ásamt því að hún hefur verið danshöfundur í sýningum hjá Þjóðleikhúsinu, Theatre Republique í Danmörku, Íslensku óperunni og Toneelgroep í Amsterdam. Var góður rómur gerður að sýningunni á föstudag og vakti sviðsmynd Evu Signýjar Berger sérstaka lukku en hún sá einnig um búninga dansara og er þetta í fimmta sinn sem þær Katrín og Eva leiða saman hesta sína. Katrín lýsir verkinu sem lífveru og líkama hóps sem fléttast saman, hlustar og leitar að samstöðu í gegnum endurteknar umfangsmandi athafnir í hreyfingum og söng, sem skapar þannig samhug og nánd sín á milli. [bjork@frettabladid.is](mailto:bjork@frettabladid.is)



Nadja og Nanna.



Sólbjört, Viktoria Blöndal, Erna Guðrún og Þyri Huld.



Guðrún Dís Magnúsdóttir og Ásdís Magnúsdóttir.




Snæfríð Þorsteinsdóttir, Sigrún Lilja, Nanna Ólafsdóttir og Guðrún Edda voru þrúðbúnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




# TAX FREE

Á ÖLLUM USA POTTUM  
PLUG AND PLAY



USA 76  
Stærð 196x196  
4 manna



USA 84  
Stærð 217x217  
5-6 manna



USA 93  
Stærð 235x235  
6-8 manna

ÁÐEINS ÞESSA VIKUNA



ÁÐEINS  
50 stk í boði

HEITIRPOTTAR.IS

HÖFÐABAKKI 1  
SÍMI 7772000

**BANGI!**

TÖKUM RAÐGREIÐSLUR  
VISA TIL 36 MÁN





## Ævintýralegt haust í Höllinni



### PINNACLE

LA-Z-BOY hægindastóll. Dökkbrúnt eða svart leður.  
Stærð: 84 x 97 x 107 cm

**143.992 kr.** ~~179.990 kr.~~



Stækkanlegt í 270 cm með tveimur 50 cm stækkunum.

### BELINA

Borðstofuborð, viður/hvítt.  
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**84.992 kr.**

~~99.990 kr.~~

## RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM



Vegna endurnýjunar sýningarrýmis seljum við öll sýningareintök frá Furninova í Reykjavík með

**30-40%** AFSLÆTTI

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!



HÚSGAGNA  
HÖLLIN

Sími: 558 1100

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga  
Ísafjörður Skeiði 1



Pétur Óskar lék lögreglumanninn Tryggva í þáttunum vinsælu Ófærð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Við getum öll verið stúperstjörnur

Pétur Óskar Sigurðsson gaf út lagið Superstar á fimmtudag. Um kvöldið var myndband við lagið frumsýnt. Pétur, sem er menntaður leikari, stefnir á að sinna leiklistinni og tónlistinni til jafns.

Leikarinn og tónlistarmaðurinn Pétur Óskar Sigurðsson gaf út lagið Superstar á fimmtudaginn. Myndband við lagið var frumsýnt sama dag á Miami við Hverfisgötu og er Pétur ánægður með viðtökur.

### Vel mætt á frumsýninguna

„Það var fullt út úr dyrum og mikið af góðu fólki sem mætti. Mér allavega leið eins og það væri mjög svona innilega klappað í lokin, eins og það kæmi smá frá hjartanu. Þannig að fyrir mitt leyti þá fannst mér ganga mjög vel,“ segir Pétur Óskar, en hann gengur undir listamannsnafninu Oscar Leone þegar hann gefur út tónlist.

„Það stóð ekki til að koma með neitt listamannsnafn. Nafnið kom á fundi. Þetta er skírskotun í spagettivestraraleikstjórn Sergio Leone.“ Pétur segist lengi hafa velt því fyrir sér hvernig myndbandið ætti að vera en allt small einhvern veginn saman þegar hann talaði við vin sinn, leikstjórn og tónlistarmanninn Einar Egilsson.

„Við vorum undir áhrifum frá Once Upon a Time in Hollywood. Hún fjallar að hluta um spagettivestra en Tarantino heldur mikið upp á þá og Sergio. Við vildum gera eitthvað mjög myndrænt og leikið,“

**MADUR HELDUR ALLTAF AÐ TIL AÐ VERA SÚPERSTJARNA ÞURFI MADUR AÐ VERA LEIKARI Í EINHVERRI HOLLYWOOD-MYND. ÞAÐ ER EKKI RÉTT. KONA AÐ FÆÐA BARN ER TIL DÆMIS SÚPERSTJARNA.**

en Pétur er menntaður leikari og hefur starfað við það síðustu ár.

### Stjörnurar röðuðust rétt

„Þannig að þetta er líka hugsað sem útrás fyrir mig eða leikarann í mér. Ég hafði verið að þreifa fyrir mér í einhvern tíma með að gera myndband en svo lágu stjörnur allar allt í einu rétt og Einar var akkúrat á leiðinni til landsins frá Los Angeles.“

En um hvað fjallar lagið?

„Lagið fjallar um það að allir séu á sinn hátt stúperstjörnur. Maður heldur alltaf að til að vera stúperstjarna þurfi maður að vera leikari í einhverri Hollywood-mynd. Það er ekki rétt. Kona að fæða barn er til dæmis stúperstjarna. Stundum líður manni líka þannig, kannski keyrandi heim

í umferð á föstudegi og líður einfaldlega eins og stúperstjörnu.“

Lagið snertir líka á eðli ástarinnar. „Ást getur varað í eina nótt eða jafnvel heila eilífð. Lagið fjallar mikið um að lifa í núinu. Svo spilar tunglið líka stórt hlutverk í myndbandinu.“

### Ekki hættur í leiklistinni

Pétur segir að hann sé ekki að taka tónlistina fram yfir leiklistina og ætli í framtíðinni að reyna að sinna hvoru veggja til jafns.

„Einmitt núna er mikið að gera í tónlistinni og ég er að fara strax í hljóðverið aftur á morgun að taka upp. Svo er maður að fá góða æfingu í að koma sér á framfæri og svona, er á fullu að kynna myndbandið á samfélagsmiðlum. Þetta er ágætis æfing í því.“

Pétur var með hlutverk í þætti í Lúxemborg sem verður frumsýndur eftir örfáa daga.

„Þetta eru stórir leikarar þar ytra, serian verður líka sýnd í Þýskalandi. Svo ætla ég að reyna að gefa út annað lag sem fyrst og myndband við. Ég ætla að sinna þessu báðu, ég er alls ekki hættur í leiklistinni. Langar alltaf að leika meira.“

Myndbandið er hægt nálgast á YouTube og lagið Superstar er komið á allar helstu streymisveitur. [steingerdur@frettabladid.is](mailto:steingerdur@frettabladid.is)



KEY  
nat  
ura

ÍSLENSKT  
*gjöril svo vel*



NÝTT

## Minna mál og meiri þægindi!

Hannað fyrir konur til þess að viðhalda heilbrigðri þvagblöðru og -rás auk þess að efla varnir ónæmiskerfisins en þvagfærasýkingar geta framkallað einkenni ofvirkrar blöðru.

Innihald:

- SagaPro, hvannarlaufa extrakt sem hefur reynst afar vel gegn ofvirkri blöðru og tíðum þvaglátum
- Oximacro, klínískt rannsakað trönuberja extrakt með mjög háu hlutfalli af PAC-A sem hefur sýnt góða virkni gegn þvagfærasýkingum
- Inniheldur einnig C-vítamín og D-vítamín sem styðja við ónæmiskerfi líkamans.




Vörur frá KeyNatura fást í flestum apótekum, stórmörkuðum og vefverslun [keynatura.is](https://keynatura.is) - Gefðu líkamanum gjöf!



## BAKÞANKAR

Láru G.  
Sigurðardóttur



## Sofðu rótt

Til er sjúkdómur, Fatal Familial Insomnia, sem dregur fólk til dauða. Svefnleysi ágerist þangað til viðkomandi hættir einn daginn að geta sofð. Hann á erfitt með að einbeita sér, verður gleyminn og fær ofskynjanir – auk þess sem kvíði og þunglyndi sækir á. Þótt sjúkdómurinn sé afar fátíður gefur hann okkur mikilvæga innsýn í áhrif svefnleysis.

Nú eru skuggalega margir unglingar sem sofa einungis rúma sex tíma sem er langt frá því að vera heilbriggt þegar æskilegur svefntími þeirra eru níu tímar. Þarf engan að undra að þeir þambi örvandi drykki til að komast í gegnum daginn, sem dregur dílk á eftir sér. Það er auðvelt að lenda í vítahring svefnleysis og örvandi drykkja. Þegar maður fær ónógan svefn þá sækir maður frekar í örvandi efni og þegar maður er með of mikið af örvandi efnum í líkamanum þá sefur maður verr.

Örvandi drykkir innihalda venjulega koffín og önnur efni sem skerða svefngæði. Ef þú færð þér orkudrykk seinnipart dags þá er helmingur koffíns enn í blóðinu þegar kemur að háttatíma en koffín hindrar m.a. að boðefnið adenósín geti sagt heilanum að það sé kominn svefntími. Börn eru næmari fyrir áhrifum koffíns og eiga alls ekki að neyta örvandi drykkja enda sérðu á umbúðunum, ef grannt er skoðað, að þeir eru ekki ætlaðir yngri en 20 ára.

Það þarf ekki að vera flókið að hjálpa unglungunum að sofa rótt, t.d. aftengja internetið á kvöldin, setja simtæki í lokaðan skáp og ræða við þau um svefn. Innflytjendur örvandi drykkja geta merkt betur umbúðirnar með aldurstakmarki og verslunareigendur sett stífari reglur um sölu til unglunga.

Þangað til næst, sofðu rótt – því það er fátt jafn endurnærandi og að vakna eftir góðan svefn.

Verð áður: 1.990  
**990**  
KR/KG

# GOTTERÍ

**Kvikk**  
ON THE GO

LÍFIÐ ER  
**GOTTERÍ**

**50% AFSLÁTTUR**  
FIM-SUN

# GOTTERÍ

Verð áður: 1.990  
**990**  
KR/KG

**Kvikk**  
ON THE GO

## iPhone 11

# Ellefta undur veraldar!



## Forskráning er hafin á Nova.is

**Besti farsímadíllinn hjá Nova!**

Notkun fylgir! Skilað og skipt! Afsláttur af aukahlutum! Endurgæddu!

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is)

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

# NOVA